



HITAVEITA  
SUÐURNESJA

# ÁRSSKÝRSLA 2000

## EFNISYFIRLIT

Formáli . . . . .	2
Stjórn og skipulag . . . . .	3
Framkvæmdir . . . . .	4
Starfsmannafélag Hitaveitu Suðurnesja . . . . .	6
Rekstur . . . . .	6
Altæk gæðastjórnun . . . . .	22
Fjármál . . . . .	25
Almennt . . . . .	28
Framtíðin . . . . .	29
Lykilstærðir . . . . .	32
Skýrsla og áritun stjórnar . . . . .	35
Áritun endurskoðenda . . . . .	36
Rekstrarreikningur . . . . .	37
Efnahagsreikningur . . . . .	38
Sjóðsstreymi . . . . .	40
Skýringar . . . . .	41



## FORMÁLI

Á árinu 2000 nam framleiðsla í orkuveri 538 GWh í varma (7,862 milljón tonn) og 370,5 GWh í raforku, auk 0,3 GWh á Reykjanesi, eða sem samsvarar alls um 162,4% forgangs raforkunotkunar á svæðinu og 142,7% raforkunotkunarinnar í heild. Varmaorkuframleiðslan var 0,5% meiri en árið áður, forgangs raforkunotkunin á svæðinu í heild jókst um 7,81% en raforkunotkunin í heild jókst um 12,75%.

Sala á heitu vatni um hemla jókst um 1,31% frá upphafi til loka ársins, þ.e. hún jókst um 3% í byggðunum en minnkaði um 0,75% til varnarliðsins. Á ársgrundvelli varð 1,6% aukning á seldum mínútulitrum, þ.e. aukning um 3,7% í byggðunum en minnkun um 0,8% til varnarliðsins. Sala um mæla var tæplega 1,7 milljón tonn eða um 13,4% aukning. Sala raforku samkvæmt almennum töxtum jókst um 10,8%, samkvæmt hitatöxtum um 5,1%, samkvæmt rof- og tvígjaldstöxtum varð minnkun um 6,6%, til fyrirtækja samkvæmt aftaxta varð aukning um 8% en minnkun til fiskeldis um 0,2%. Til varnarliðsins minnkaði salan í riðbreytistöð um 3,2% en önnur sala jókst um 124% þannig að sala til varnarliðsins jókst um 1,6% í heild. Forgangsorkusala jókst þannig í heild á svæðinu um 5,3% og sala ótryggðrar orku jókst um 66,5% þannig að í heild jókst raforkusalan um 11,3% á árinu.

Gjaldskrá fyrirtækisins var óbreytt allt árið, og hafa aðrir taxtar en rafhitataxtar verið óbreyttir frá 1. okt. 1991, að öðru leyti en því að almennur taxti raforku lækkaði um 12,5% 1. apríl 1996. Að raungildi er þá hemlagjaldskráin um 56% þess verðs er það var 1985 og tonnagjaldskráin um 39%. Almennur taxti raforku er um 42% og aftaxti um 44% af raunverði miðað við 1985. Áætla má, að raunkostnaður meðal heimilis hafi lækkað um 80 - 85 þús. kr. á ári miðað við gjaldskrá 1985.

Rekstrartekjur ársins námu alls 2.174 milljónum króna sem er 7,6% hækkun í krónutölu frá árinu áður og 2,3% hækkun að raungildi. Þessi aukning liggur í meginatriðum í sölu raforku til Landsvirkjunar frá orkuveri 5 að upphæð 254 m.kr. en árið áður var þessi sala 34 m.kr. Þá varð umtalsverð aukning á almennri raforkusölu eða um 60 m.kr. en á móti kom að af tekjum ársins 1999 voru um 125 m.kr. óregluglegrar tekjur vegna eignasölu þannig að aðrar tekjur minnkuðu milli ára um 130 m.kr. Af rekstrartekjunum voru 1.016 m.kr. af vatnssölu (46,7%), 1.098 m.kr. af raforkusölu (50,5%), ferskvatnssala 15 m.kr. (0,7%), tengigjöld 33 m.kr. (1,5%) og aðrar tekjur 10 m.kr. (0,5%). Rekstrargjöld voru 1.832 m.kr. og voru afskriftir þar af 722 m.kr. (39,4%), en fjármagnsliðir voru í heild neikvæðir um 83 m.kr. Rekstrarafgangur á árinu 2000 var 342 m.kr. og er þetta sextánda árið í röð sem rekstrarafkoman er jákvæð, en átta árin þar á undan hafði hún verið neikvæð. Arðsemi eigin fjár var 4% en á árinu 1999 var hún 8%, 1998 var hún 7%, á árinu en 1997 var hún 9%, 1996 var hún 8% en hæst var hún 1990, er hún var 21%.

Greiddar voru 162 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu og eru langtímaskuldir í árslok, með næsta árs afborgunum þá 1.168 m.kr. og heildarskuldir 1.696 m.kr. Heildareign fyrirtækisins var 10.434 m.kr. og þar af fastafjármunir 9.062 m.kr. (stofnverð 18.494 m.kr.). Eigið fé var 8.738 m.kr. eða 80,3% heildarfjármagns.

Staða jarðhitageymisins í Svartsengi verður að teljast ágæt

og í samræmi við áætlanir um nýtingu og þrýstingslækkun. Niðurdæling lá þó niðri á árinu þar sem unnið var að tengingu holu 17. Nettó upptektin var all mikið meiri en árið áður eða um 59% en þó aðeins um 25% meiri en á árunum 1986 - 1990 þegar hún var hvað mest. Þrýstimælingar gefa til kynna, í samræmi við áætlanir og spár, að þrýstingur í jarðhitakerfinu sé lækkaði og minnkaði um u.þ.b. 0,5 bar á ári, sem eykst þó núna með tilkomu orkuvers 5, en þær gefa einnig til kynna stöðugt aðstreymi hita að svæðinu. Þrýstingur djúpt í jarðhitakerfinu (900 m.) hefur fallið um 30 bör (300 m.) frá upphafi vinnslu úr svæðinu.

Fjárfestingar voru miklar en þó mun minni en árin tvö þar á undan. Þær voru alls í orkuveri og veitukerfum 758 m.kr. og í heild 943 m.kr.

Stærstu einstöku verkefnum voru við orkuver 5, borun gufuholu og byrjun á blautri holu auk verkloka við tengingu gufuhola sem boraðar voru 1999. Þá var lögð ferskvatnslögn til Sandgerðis og boruð rannsóknarhola á Rosmhvalanesi.

Hitaveitan hefur nú um nokkurt skeið leitast við að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu. Starfsemi Íslenska magnesíumfélagsins hf var lítil á árinu þar sem samstarfsaðilar félagsins í Asístralíu leggja megin áherslu á að ljúka undirbúningi byggingu verksmiðju þar. Gert er ráð fyrir að bygging verksmiðju hefjist á árinu í Asístralíu og að í kjölfarið hefjist ítarlegar athuganir á byggingu hér á landi sem taka 3 - 4 ár þannig að vonir standa til að unnt verði að taka ákvörðun um byggingu u.þ.b. 2005 og að framleiðsla gæti þá hafist 2006 - 7. Þá lagði Hitaveitan fram aukið hlutfé í 5 félög og ber Jarðlind ehf og áform um jarðhitanytingu á Trölladyngju-svæðinu þar hæst. Auk þess gerðist fyrirtækið hluthafi í 2 öðrum, þannig að nú á Hitaveitan hlut í 15 félögum og "verkefnum". Þátttaka Hitaveitunnar í þessum fyrirtækjum og verkefnum er fyrst og fremst tilraun til að stuðla að frekari nýtingu jarðhitans á svæðinu, þó á því séu undantekningar, jafnframt því að skjóta styrkari stöðum undir rekstur fyrirtækisins og efla atvinnulíf á svæðinu.

Það blasa nú við fyrirtækinu miklar breytingar með samruna við Rafveitu Hafnarfjarðar. Þá er að vænta umbrotatíma í orkumálum á Íslandi og hlutir sem hafa þótt sjálfsgöðir og eðlilegir heyra jafnvel brátt sögunni til og von er á frumvarpi að nýjum raforkulögum o.fl. Það er ánægjufni að Hitaveita Suðurnesja skuli nú þegar hafa stigið jafn öflugt skref til móts við nýja tíma og verið þannig betur í stakk búið að að takast á við breytta tíma. Næstu misseri munu hafa mikil áhrif á framtíð orkufyrirtækja og brýnt að ný orkulög verði þannig úr garði gerð, að orkuviðnadirinn fái að þróast með eðlilegum og hagkvæmum hætti. Hitaveita Suðurnesja þarf að vera mjög opin fyrir öllum tækifærum þar sem augljóslega verður um miklar breytingar að ræða þegar t.d. fyrirtækjum fækkar með sameiningu o.s.fr.

*Ingólfur Bárðarson* *Júlíus Jónsson*

Ingólfur Bárðarson  
stjórnarformaður

Júlíus Jónsson  
forstjóri

## SKIPULAG OG STJÓRN

Aðalfundur Hitaveitu Suðurnesja 2000 var haldinn 31. mars í Eldborg, kynningar- og mötuneytishúsi fyrirtækisins í Svartsengi. Engar breytingar urðu á stjórninni á aðalfundinum og var hún þá þannig skipuð:

- Formaður:** Ómar Jónsson, fulltrúi Grindavíkurbæjar  
**Varaformaður:** Ingólfur Bárðarson, fulltrúi Reykjanesbæjar  
**Ritari:** Sigurður Ingvarsson, fulltrúi Gerðahrepps  
**Meðstjórnendur:** Árni Ragnar Árnason, fulltrúi Fjármálaráðuneytis  
 Björn H. Guðbjörnsson, fulltrúi Reykjanesbæjar  
 Guðjón Stefánsson, fulltrúi Iðnaðarráðuneytis  
 Jóhann Einvarðsson, fulltrúi Reykjanesbæjar  
 Jón Gunnarsson, fulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps  
 Jón Norðfjörð, fulltrúi Sandgerðisbæjar

Í lok ágúst sagði síðan Jóhann Einvarðsson, sem verið hafði fulltrúi Reykjanesbæjar, af sér sem aðalmaður og var í hans stað skipaður Óskar Þórmundsson. Stjórnin skipti síðan með sér verkum að nýju á stjórnarfundum þann 31. ágúst og er þá þannig skipuð:

- Formaður:** Ingólfur Bárðarson, fulltrúi Reykjanesbæjar  
**Varaformaður:** Sigurður Ingvarsson, fulltrúi Gerðahrepps  
**Ritari:** Óskar Þórmundsson, fulltrúi Reykjanesbæjar  
**Meðstjórnendur:** Árni Ragnar Árnason, fulltrúi Fjármálaráðuneytis  
 Björn H. Guðbjörnsson, fulltrúi Reykjanesbæjar  
 Guðjón Stefánsson, fulltrúi Iðnaðarráðuneytis  
 Jón Gunnarsson, fulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps  
 Jón Norðfjörð, fulltrúi Sandgerðisbæjar  
 Ómar Jónsson, fulltrúi Grindavíkurbæjar

Varamenn í stjórn eru nú þessir, en þær breytingar urðu að með skipun Óskars Þórmundssonar sem aðalmanns, en hann hafði verið varamaður, þá tók Jóhann Einvarðsson sæti hans sem varamaður.

- Varamenn í stjórn eru nú:** Egill Ólafsson, Sandgerðisbæ  
 Finnbogi Björnsson, Fjármálaráðuneyti  
 Hallgrímur Bogason, Iðnaðarráðuneyti  
 Jóhann Einvarðsson, Reykjanesbæ  
 Jóhanna Reynisdóttir, Vatnsleysustrandarhreppi  
 Jónína Guðmundsdóttir, Reykjanesbæ  
 Ólafur Guðbjartsson, Grindavíkurbæ  
 Ólafur Kjartansson, Gerðahreppi  
 Theódór Magnússon, Reykjanesbæ

Eignarhluti eigenda Hitaveitu Suðurnesja skiptist þannig, samanber lög:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Reykjanesbær	52,20%
Grindavíkurbæjar	11,17%
Sandgerðisbær	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu forstöðu:

- Forstjóri:** Júlíus Jónsson  
**Aðstoðarforstjóri:** Albert Albertsson



Ingólfur Bárðarson



Sigurður Ingvarsson



Óskar Þórmundsson



Árni Ragnar  
Árnason



Björn H.  
Guðbjörnsson



Guðjón Stefánsson



Jón Gunnarsson



Jón Norðfjörð



Ómar Jónsson



Júlíus Jónsson



Albert Albertsson

## FRAMKVÆMDIR

Á árinu voru fjárfestingar miklar þó ekki væru þær af sömu stærðargráðu og árin tvö þar á undan. Stærstu einstöku verkefni voru verklok við byggingu orkuvers 5 í Svartsengi, lok tenginga á 4 gufuholum í Svartsengi og lagning ferskvatnslagnar til Sandgerðis. Fjárfestingar í orkuveri og veitukerfum námu alls 782 m.kr. og alls 943 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum og voru helstu framkvæmdaliðir þessir:

### 1. ORKUVER

a) Á árinu 1996 hófst undirbúningur að endurbyggingu elsta hluta orkuversins (orkuver 1) með nýju "orkuveri" (orkuver 5). Raforkuframleiðsla hófst í þess-

um nýja hluta orkuversins þann 2. nóvember 1999 og á því ári framleiddar þar um 37 GWh og 256,4 GWh á árinu 2000, en varmahluti þess var gangsettur í lok febrúar 2000. Á árinu 2000 var nánast lokið við byggingu orkuversins og frágangur lóðar er langt komin en lýkur þó endanlega ekki fyrr en á vordögum 2001. Kostnaður 1996 var um 10 m.kr. og á árinu 1997 var unnið að hönnun og undirbúningi, auk þess að greitt var 10% af kaupverði hverfilsins, og var kostnaðurinn þá um 104,7 m.kr. Á árinu 1998 var kostnaðurinn 926,4 m.kr., á árinu 1999 var hann 1.293,1 m.kr. og árið 2000 var hann 404,7 m.kr. og er heildarkostnaður þá, án gufuöflunar, orðinn um 2.740 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu 2001 verði um 70 m.kr.

### FRAMKVÆMDIR - FJÁRFESTINGAR 2000

Þús kr.

	Dreifik. rafm.	Gatna- lýsing	Dreifik. hitav.	Aðveitu- stöðvar	Annað	SAMTALS
Keflavík	7.441	2.683	10.415	0	0	20.539
Grindavík	2.462	672	3.563	0	0	6.697
Njarðvík	7.474	1.660	5.418	0	0	14.552
Sandgerði	14.655	2.129	467	0	0	17.251
Garður	922	303	694	0	0	1.919
Vogar	4.499	939	7.724	0	0	13.162
Hafnir	3.368	0	0	0	0	3.368
Flugvöllur	0	0	16	0	0	16
Flugstöðvarsæði	8.698	0	4.314	0	0	13.012
	<b>49.519</b>	<b>8.386</b>	<b>32.611</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>90.516</b>
Ferskvatnslögn að Sandgerði						61.596
Dælustöð Mánagrund						2.328
Ferskvatnslögn að Sandgerði						61.596
Rannsóknir Rosmhvalanesi						20.887
Orkuver V.					404.691	
Varmanám; tenging borhola - niðurdæl.					138.570	
Varmanám; niðurdælingarhola og tenging					17.616	
Orkuver II					3.539	
Orkuvinnsla Reykjanesi - borhola					12.728	
Orkuvinnsla Reykjanesi - gufudreifikerfi					7.434	584.578
						<b>757.577</b>
Kerfiráður P-CIM					11.768	
DMM - Viðhaldskerfi					2.634	
Tölvumál					17.741	
Varaafstöð					2.565	
Farartæki- og vinnuvélar					6.232	
Brekkustígur 38					24.400	65.340
Jarðir og jarðhitaréttindi					11.518	
Hlutfé í öðrum félögum					108.597	120.115
						<b>943.032</b>
						<b>Framkvæmdir og fjárfestingar samtals</b>



**b)** Á árinu 1997 var hafinn undirbúningur að borun á háhitaholum og voru boraðar fjórar holur á árinu 1998. Kostnaður 1997 var um 9,7 m.kr., og á árinu 1998 um 440 m.kr. Á árinu 1999 var síðan unnið að lagningu safnæða o.s.fr. og varð kostnaður um 172,1 m.kr. og heildarkostnaður þá um 621,8 m.kr., en af þeirri upphæð eru um 183,6 m.kr. vegna borunar niðurdælingarholunnar og safnæðar að henni. Á árinu 2000 var kostnaður 6,1 m.kr. vegna verkloka við þessar boranir. Í nóvember hófst síðan ný borframkvæmd þegar ráðist var í borun þurrar gufuholu og síðan 2.500 m. djúprar vinnslu/rannsóknarholu. Lokið var við holu #20 í gufupúðann en hún er 430,5 m. og var erfið í borun ("hreysiköttur") en virðist vera mjög öflug og gefa allt að 20 kg/sek. gufurennslu. Borun holu #21 hófst fyrir áramót og var borað í 300 m. fyrir jól þegar hlé var tekið fram yfir áramót. Kostnaður á árinu við þessar holur var 132,5 m.kr. Á árinu var einnig lokið tengingu á niðurdælingarholu (#17) og var kostnaður um 17,6 m.kr. og í orkuver II var bætt ýmsum búnaði fyrir um 3,5 m.kr.



**c)** Unnið var áfram að endurnýjun stjórnbúnaðar í orkuveri, dælustöð, aðveitustöð og víðar, en með þeim stjórnbúnaði er stefnt að því, að hægt sé að stýra öllum kerfum fyrirtækisins frá einum stað og var unnið við kerfiráð (P-Cim o.fl.) fyrir um 11,8 m.kr.

**d)** Á árunum 1998 og 1999 var boruð á Reykjanesi með Jötni ný gufuhola sem varð 2.054 m. Kostnaður 1998 var um 27,3 m.kr. og 1999 um 119,8 m.kr. Á árinu 2000 var kostnaður við ýmsar mælingar o.fl. um 12,7 m.kr. og síðan er eftir að leggja að henni safnæð, byggja skiljustöð o.fl. með tilheyrandi kostnaði. Þá var á Reykjanesi hafin undirbúningur að gufudreifikerfi fyrir gufunotanda og var kostnaður um 7,4 m.kr.

## 2. AÐRAR FRAMKVÆMDIR - FJÁRFESTINGAR

**a)** Í dreifikerfi rafmagns, gatnalýsingu og dreifikerfi hitaveitu voru framkvæmdir svipaðar og árið áður en talsvert meiri en árin á undan, eða um 90,5 m.kr. (voru 87,8 m.kr. 1999, 47,6 m.kr. 1998, 51,6 m.kr. 1997 og 59,5 m.kr. 1996). Stærsti liðurinn var dreifikerfi rafveitu eða 49,5 m.kr.

**b)** Keypt var 480 m<sup>2</sup> húsnæði að Brekkustíg 38 í Njarðvík fyrir 24,4 m.kr. Húsnæðið er í leigu út árið 2003 þannig að um langtímasjónamið er að ræða, en möguleikar eru á tengingu við núverandi aðalstöðvar að Brekkustíg 36, auk þess sem byggingaréttur fylgir á sömu stærð húsnæðis á lóðinni.

**c)** Kostnaður við tölvumál, sem var eignfærður, var um 20,4 m.kr. Fjárfestingar í farartækjum og vinnuvélum námu 6,2 m.kr. og í frágangi 800 kW vara dieselvélar fyrir orkuverið 2,6 m.kr.

**d)** Lögð var ferskvatnslögn til Sandgerðis frá Aðalgötu í Keflavík en undirbúningur hófst á árinu 1999. Lögnin er um 7,8 km löng, 400 og 315 mm víð og var kostnaður 1999 um 1,1 m.kr. og árið 2000 um 61,6 m.kr. og síðan er gert ráð fyrir um 2 m.kr. kostnaði árið 2001 við frágang, sáningu o.fl.

**e)** Hitaveitan réðst á árinu í rannsókn á hugsanlegum lághitasvæðum á Rosmhlavanesi, nánar tiltekið ofan Sandgerðis í nágrenni við Rockville. Boruð var 766 m. hola sem fóðruð er með 10 3/4" röri niður í 301,4 m. Hitastig er mismunandi í holunni, botnhiti virðist vera um 76° en mestur hluti vökvans virðist koma úr lekasvæði kringum 350 m. dýpi og hitastig þá innan við 50°. Vökvinn er með um 65% sjöblöndun. Kostnaður á árinu var um 20,9 m.kr. og gert er ráð fyrir frekari rannsóknum á þessu ári, m.a. borun á grynri og grenni könnunarholum og að kostnaður verði um 9 m.kr.

**f)** Á árinu 2000 jók hitaveitan hlutafé sitt í Jarðlind ehf um 64,8 m.kr., Í Softa ehf um 13,1 m.kr., í Sæbyli hf um 5,4 m.kr., í Íslenskri Nýsköpun ehf um 1,0 m.kr. og í Vindorku ehf um 8,3 m.kr. Þá gerðist fyrirtækið hluthafi í Feygingu ehf (1,0 m.kr.) og Netskil ehf (15 m.kr.). Alls var þannig varið 108,6 m.kr. til hlutabréfakaupa á árinu.

**g)** Hitaveitan keypti á árinu hluta tveggja landeigna á Vatnsleysuströnd þ.e. Breiðagerði sem er um 339 ha (óumdeilt 264 ha) og Narfakot sem er um 91 ha (óumdeilt 74 ha). Kaupverð þessara jarða var 11,5 m.kr.

## STARFSMANNAFÉLAG HITAVEITU SUÐURNESJA (SFHS)

Starfsemi SFHS á árinu byrjaði með glæsilegri árs-hátíð á Grand Hótel í Reykjavík. Veislustjóri þar var Eldborgarjarlinn okkar og sá hann til þess að fólk skemmti sér mjög vel, t.d. töfraði hann forstjórana saman á spotta ásamt öðru skemmtilegu. Bjarni Ara tróð upp með söng og hitaði veislugesti upp áður en hjómsveitin Stuðbandalagið spilaði fyrir árhátíðargesti fram á nótt. Aðalfundur SFHS var haldinn í Eldborg 14 apríl. Fyrir utan venjuleg fundarstörf var Dr. Guðfinna Bjarnadóttir (dóttir Bjarna okkar Guðmundssonar) með mjög gott og fræðandi erindi.

Sumarferðin var farin 26. og 27. ágúst. Ferðinni var heitið að Hrauneyjum, sem er staðsett rétt ofan Sultar-tangavirkjun. Á leiðinni var komið að Geysir, síðan

voru ýmsar minjar skoðaðar í Þjórsárdalnum áður en komið var að Hrauneyjum og gist þar yfir nótt, borðaður góður matur og fl. Daginn eftir lá leiðin í Landmannalaugar og þaðan var farið um Dómadalinn heim.

Á haustmánuðum var farið í leikhús að sjá „Draum á Jónsmessunótt“.

Síðasta hátíð SFHS var svo jólaballið sem var 28. desember og var fjölmennt að vanda. Bubbi (Guðbrandur Einarsson) sá um að spila fyrir börn og full-orðna, jólasveinarnir Kertasníkir og þörusleikir komu og dönsuðu með krökkunum og færðu þeim svo nammi poka í lokin.

*Hallvarður P. Jónsson  
formaður SFHS*



## REKSTUR

### A ORKUVER

#### Framleiðsla hitaveituvatns 2000

Vatnsmagn frá orkuveri 2000 var 7.861.960 tonn sem er um 2,41% aukning frá síðasta ári og um 1,2% meira en framleiðslan var 1992. Varmaorkuframleiðslan var um 538 GWh sem er aukning um 2,64 GWh eða um 0,5% milli ára. Mest mánaðarframleiðsla var í nóvember eða 820,6 þúsund tonn sem jafngildir um 56 GWh. Meðalrennslið var mest 31. desember eða 333,3 l/sek. Hámarksálag einstakan dag var 14. desember eða 87,2 MW í varma.

Vatnsnotkun á flugvelli var 4.564.498 tonn sem er minnkun um 163 þúsund tonn eða um 3,6%. Hámarksálag einstakan dag var 31. desember eða 27 MW í varma. Vatnsnotkun í byggðunum var 7.367.903 tonn sem er aukning um 131 þúsund tonn eða um 1,8%.


Hámarksálag var dagana 7. mars og 12. desember eða 50 MW í varma. Vatnsnotkun að flugstöðvarvæði var 425.321 tonn sem er 16,8% aukning. Heildarframleiðsla orkuvers frá upphafi er nú 152 milljónir tonna sem jafngilda um 10.525 GWh.

#### Borholur - jarðhitavinnsla

Hola 8 var hreinsiboruð í júlí og gufuholur voru hita- og þrýstimældar nokkrum sinnum á árinu af Orkustofnun. Þrýstimælingar, á 1.000 m dýpi, sem voru tíðar í holu 12 og 17 sýna vel þær þrýstingsbreytingar sem ganga yfir en verulegur þrýstiniðurdráttur hefur orðið innan vinnslusvæðisins í Svartsengi í kjölfar þess að vinnsla var aukin umtalsvert með tilkomu orkuvers 5. Lætur nærri að þrýstingsbreyting árið 2000 sé um 4 bör í holu 12 og um 2 til 3 bör í holu 17, væntanlega sökum fjarlægðar frá Svartsengi. Hraði niðurdráttarins gæti þó verið svipaður þar, og virðist lítið lát á hraða

hans. Tilsvarendi lækkun suðuborðs um 50 til 60 metra skilar talsverðu innstreymi gufu til suðusvæðisins, sem skýrir gott ástand gufupúða á þessu breytingaskeiði og eins má ætla að kælipúlsar snemma árs 2000 skýrist af skiljun vatns og gufu í sjálfu jarðhitakerfinu.

Hraði þrýstifalls í Svartsengi þetta árið jafnast á við það sem mest gerðist í upphafi vinnslu upp úr árinu 1980. Þá má nefna að þrýstingur í gufupúða hefur staðið í stað eða jafnvel hækkað lítillega þrátt fyrir stórauðna vinnslu. Jarðhitakerfið í Svartsengi hefur samkvæmt mælingum hin síðustu ár verið með hægt lækkanandi þrýsting að meðaltali um 0,5 bar á ári, en hefur nú aukist með tilkomu orkuvers 5. Niðurdráttur í jarðhitageyminum frá árinu 1976 er nú um 300 metrar. Mælingar undanfarin ár benda til stöðugs hita aðstreymis sem fæðir jarðhitakerfi Svartsengis.



Heildarupptekt úr gufuholum á svæðinu var á árinu um 11,1 milljón tonn, sem er aukning um 3,5 milljón tonn frá fyrra ári og nettó aukning um 4,2 milljónir tonna. Engin niðurdæling var á árinu en henni var hætt í september 1999 vegna kólnunaráhrifa er komu fram í H-19, en niðurdæling hófst í H-17 í byrjun febrúar 2001. Með aukinni niðurdælingu á að fást betra jafnvægi á niðurdrátt og stærð gufupúða.

Heildarupptekt úr svæðinu frá upphafi er um 177 milljón tonn, heildarniðurdæling frá upphafi um 8,5 milljón tonn og nettó upptekt þá frá upphafi um 168,4 milljón tonn.

#### Raforkuframleiðslan 2000 var þessi:

	GWh	Nýt. st.	Nýting %
Vél 1 ( AEG - 1,0 MW ) . . . . .	3.378	3.378	38,46%
Vél 2 ( AEG - 1,0 MW ) . . . . .	4.372	4.372	49,78%
Vél 3 ( Fuji - 6,0 MW ) . . . . .	46.141	7.690	87,55%
Vél 4 ( Ormat - 1,2 MW ) . . . . .	9.844	8.203	93,39%
Vél 5 ( Ormat - 1,2 MW ) . . . . .	9.030	7.525	85,67%
Vél 6 ( Ormat - 1,2 MW ) . . . . .	9.050	7.542	85,86%
Vél 7 ( Ormat - 1,2 MW ) . . . . .	7.793	6.494	73,93%
Vél 8 ( Ormat - 1,2 MW ) . . . . .	8.193	6.827	77,73%
Vél 9 ( Ormat - 1,2 MW ) . . . . .	8.377	6.981	79,48%
Vél 10 ( Ormat - 1,2 MW ) . . . . .	7.853	6.544	74,50%
Vél 11 ( Fuji - 30,0 MW ) . . . . .	256.437	53.793	97,31%
	370.469	7.984	90,90%
Vél R-1 ( Terri - 0,5 MW ) . . . . .	289		
Caterpillar diesel vél . . . . .	7		
<b>Samtals</b>	<b>370.765</b>		<b>90,00%</b>

Framleiðslan í Svartsengi var 149,8 GWh og jókst umtalsvert vegna tilkomu 30 MW vélarinnar í nóvember eða um 17,7% frá 1998. Af þessum 149,8 GWh fóru um 19,9 GWh til eigin notkunar (11,2% aukning) en út á netið teljast hafa farið 96,4 GWh eða 7,6% minna en árið áður. Reiknuð afhending til stóriðju var því 33,5 GWh.

**Rekstur gufuhola**

- H-7** Var í rekstri allt árið fyrir orkuver 2 og “stór” blenduloki settur við hana í september.
- H-8** Í notkun allt árið fyrir orkuver 2 utan stopp vegna hreinsunar 3. - 27. júlí.
- H-9** Samfelldur rekstur allt árið fyrir orkuver 2.
- H-10** Í notkun allt árið, að lang stærstum hluta fyrir orkuver 5 en einnig orkuver 1.
- H-11** Samfelldur rekstur allt árið fyrir orkuver 2. Blenduloki settur við holuna í maí.
- H-12** Var haldið lifandi með blæðingu í hljóðdeyfi allt

árið en hefur ekki verið í rekstri síðan í apríl 1998 vegna framkvæmda við orkuver 5. Blenduloki settur við holuna í júní.

- H-14** Var í rekstri allt árið fyrir orkuver 1 og orkuver 5.
- H-16, H-18, og H-19**, sem fæða orkuver 5, voru í rekstri svo til allt árið fyrir utan dagana 16. - 25. ágúst þegar stóð yfir viðhaldsvinna í orkuveri og einnig vegna nokkurra smærri viðhaldsstoppa.

**REKSTUR ORKUVERS SKIPTIST ÞANNIG Á ÁRINU (ÞÚS. KR.):**


	2000		1999	
<b>Orkuverið</b>				
Sameiginlegt - alm. . . . .	30.559		28.557	
Aðalst., birgð., bílar, verkst. . . . .	45.444		34.430	
Samrekstur Landsv. . . . .	16.578		6.747	
Rafmagnseftirlitsgjald . . . . .	3.262	95.843	2.784	72.518
Stjórnstöð . . . . .	36.810		26.926	
Orkuver I . . . . .	2.487		4.523	
Orkuver II . . . . .	14.876		12.197	
Orkuver III . . . . .	3.831		14.354	
Orkuver IV . . . . .	35.602		22.539	
Orkuver V . . . . .	17.486		4.649	
Varmanám . . . . .	48.452		40.413	
Kaldavatnsöflun . . . . .	9.458		13.304	
Niðurdæling . . . . .	804		1.232	
Afallslón . . . . .	3.602	173.408	988	141.125
<b>Eldvörp</b>				
Sameiginlegt . . . . .	943		890	
Varmanám . . . . .	3.362		558	
Kaldavatnsöflun . . . . .	0	4.305	0	1.448
<b>Reykjanes</b>				
Sameiginlegt . . . . .	105		11.442	
Terry túrbína . . . . .	600		775	
Varmanám . . . . .	15.142		4.118	
Kaldavatnsöflun . . . . .	1.950		800	
Búnaður til saltvinnslu . . . . .	0	17.797	-2.100	15.035
<b>Annað</b>				
Varaafsstöðvar . . . . .	1.977		2.429	
Vindorka - rannsóknir . . . . .	0	1.977	133	2.562
		<b>293.330</b>		<b>232.688</b>
<b>Fjarskipti- og fjarstýring (50%)</b> . . . . .	2.531	2.531	1.659	1.659
<b>Samtals</b>		<b>295.861</b>		<b>234.347</b>



Ný borhola Hitaveitu Suðurnesja, H-20, sem er þurr hola, var boruð í nóv.-des. og í framhaldi unnið að tengingu hennar við gufuveituna. Þegar því lýkur verður gufuöflun nægileg fyrir orkuverin og svigrúm skapast til viðhalds gufuhola. Þá var byrjað í desember að bora holu H-21 sem stefnt er að því að bora djúpt eða í um 2500 metra.

### Raforkuframleiðsla

Rekstur véla gekk vel á árinu og engar alvarlegar bilanir á vélbúnaði. Vél 11 (30 MW hverfill) var í fullri framleiðslu allt árið fyrir utan 10 daga viðgerðarhlé og nokkur stutt stopp og framleiddi um 256 GWh sem er 97,3% nýting. Heildarframleiðsla á árinu varð samtals um 370,5 GWh og þar af var eigin notkun orkuvers samtals um 27,7 GWh. Þar af komu um 4,7 GWh frá Fitjum og er þá aukning eiginnotkunar um 39% sem skýrist alfarið með tilkomu orkuvers 5. Á Reykjanes fóru 1,88 GWh frá orkuveri en frá Reykjanesi komu um 0,06 GWh. Vélin þar bilaði í febrúar og þarfnast umfangsmikillar viðgerðar sem ráðist verður í á árinu 2001.



### Helstu truflanir voru þessar


- Terri vél (0,5 MW) Reykjanesi var stöðvuð 17. febrúar vegna titrings út frá útfellingum. Eftir skoðun var hverfill dæmdur ónýtur vegna tæringar og fór ekki í notkun eftir það. Óskað hefur verið eftir tilboðum í varahluti en ekki liggur fyrir hvenær endurnýjun hverfilbúnaðar lýkur.
- Dagana 9. til 17. maí var vél 10 í upptekt og viðhaldsvinnu.
- Þann 5. til 14. júní fór vél 5 í upptekt og viðhald og var m.a. skipt um áspétti og hverfilhjól.
- Dagana 8. til 16. júní var vél 9 í upptekt vegna bilunar í áspétti.
- Þann 26. til 30. júní fór vél 6 í upptekt og viðhald og einnig 4. til 8. ágúst þegar bilun var í áspétti. Dagana 6. til 9. mars var vél 7 úti vegna viðgerða á eimsvala.
- Þann 4. júlí fór vél 3 í upptekt og hreinsun og kom hún inn aftur 27. júlí með 4 MW og síðan með fullt álag 6 MW þann 4. ágúst þegar hola 8 kom inn eftir hreinsiborun.

- Frá 9. júlí til 3. ágúst er vél 8 í upptekt og viðhaldi. Bilun kom fram á hverfilhjól og var skipt um það, áspétti og legur. Dagana 16. til 19. ágúst og aftur 24. til 29. nóvember var vél 8 úti vegna viðgerða á eimsvala vegna leka.
- Þann 16. ágúst var vél 11 (30 MW) stöðvuð vegna nauðsynlegrar viðgerðar á kæliturnslögn, en lögnin hafði orðið fyrir skemmdum á byggingarstigi orkuversins og um leið var farið í aðrar breytingar og lagfæringar sem fyrir lágu. Viðgerðin tók um 10 daga og skerðing framleiðslu af þessum sökum um 7,5 GWh. Stöðva varð vélin stuttlega að auki 4 sinnum vegna viðgerða í gufuveitu og 5 sinnum varð að draga úr afli vegna viðgerða á gufuveitu. Þessi skerðing nemur um 1,2 GWh. Auk þessa fór 30 MW vélin 6 sinnum út vegna truflana eða bilunar í rafbúnaði og skerðing vegna þess um 0,3 MWh.
- Þann 14. sept. kl. 07 var farið í viðhaldsvinnu í orkuveri 2 og gufuveitu eða svokallað "stóra stopp" og voru þá vélar 3, 7, 8, 9, og 10 stöðvaðar en komu inn aftur þann 15. sept. um kl. 02.
- Frá 1. til 13. október fór vél 4 í upptekt og viðhaldsvinnu.
- Þann 11. des. frá kl. 10 til 18 var farið í spennubreytingar úr 6 kV í 11 kV í orkuveri og varð vegna þess að taka út vélar 4, 5, 7, 8, 9, 10 meðan verkið stóð yfir.
- Fyrir utan skipulegt viðhald voru Ormat hverflar stöðvaðir 25 sinnum daglangt eða styttra vegna viðhalds á vélbúnaði og annars viðhalds. Má þar helst nefna málningarvinnu við eimsvala en að auki fóru Ormat vélar út 7 sinnum út vegna ýmissa truflana.
- Vélar 1 og 2 voru reknar á hálfum afköstum vegna gufuskorts og vegna vinnu við orkuver 5 og gufuveitu. Hverfill vélar 1 fór í upptekt og hreinsun í desember.

K-8 net-tengirofi orkuvers fór alls 25 sinnum út vegna truflana í netkerfi, þar af 2 sinnum vegna prófana hjá Landsvirkjun og 13 sinnum vegna bilana og útsláttar á vélum Landsvirkjunar. Að auki fór rofinn út 10 sinnum vegna annarra tíðnisveiflna í netkerfinu.

### Helstu rekstrar- og viðhalds- verkefni á árinu 2000

- Smíði og endurbætur á blendulokum og vinna við stýribúnaði tengdum þeim.
- Sett upp fjargæsla á þrýsting og lokastöður á allar gufuholur.
- Afl og stýristrengir lagðir að gufuholum og stjórn-  
búnaður settur upp fyrir blenduloka.
- Blenduloki settur við H-11 og H-12 og einnig  
endurnýjaður stækkaður loki við H-7.
- Endurnýjun á stjórnskápum og búnaði í  
stjórnstöð.
- Sett upp ný vararafstöð 800 kV fyrir  
eldri vél sem "stimplaði" sig út.
- Ýmis vinna í rafmagns- og lagna-  
kerfum í tengslum við breytingar og  
byggingu á orkuveri 5.
- Gufulögn frá H-10 endurnýjuð frá holu  
að orkuveri.
- Gufulögn frá H-12 endurnýjuð að hluta við  
orkuver og sett í jörð.
- Allar holur voru hita- og þrýstimældar á árinu í  
samvinnu við Orkustofnun.
- Almenn viðhaldsvinna á gufu- og kaldavatsveitu  
Reykjanesi.
- Hreinsuð útfelling úr öllum sjó- og gufulögnum  
Reykjanesveitu og skiljustöð hreinsuð.
- Sjólagnir í orkuveri 2 og skiljustöð háþrýstipvegnar.
- Gufuhola H-8 hreinsiboruð og sáu Jarðboranir hf  
um verkið.
- Boruð var ný gufuhola H-20 í lok ársins sem tengd  
verður kerfinu í ársbyrjun 2001.




- Rafali við vél 3 þrífinn og lakkaður og hverfilbún-  
aður tekinn upp, hreinsaður og yfirfarinn.
- Upptekt á kaldavatsdælu 10 vegna væntanlegrar  
endurnýjunar á dælubúnaði.
- Upptekt og viðhald á rafskautskötum og búnaði  
fyrir gufuteppi.
- Settir hitaskynjarar í miðlunageymir Fitjum til að  
fylgjast með lagskiptingu hitastigs.
- Smíðaður gufukútur við rafskautsketil á Fitjum og  
stjórnubúnaður endurbættur.
  - Upptekt og hreinsun á vél 1.
  - Almenn upptekt á Ormat vélum og  
búnaði, m.a. skipt um áspétti og fl.
    - Endurnýjuð hverfillhjól í Ormat vél-  
um 5 og 8 vegna sprunguskemmda og  
slits.
    - Viftumannvirki Ormat máluð ásamt  
lagnakerfi og einnig mikið um upptektir á  
viftudrifum.
  - Yfirfarinn ljósabúnaður í orkuverum ásamt  
svæðislýsingu.
- Hreinsun og upptekt á lokum, ásamt hreinsun og  
álímingu á varmaskiptaplötum.
- Farið var yfir ýmis lagnakerfi og leiðréttar teikning-  
ar vegna DMM-viðhaldskerfis.
- Lokið við breytingar úr 6 kV í 11 kV í orkuverum.
- Endurbætt loftræsting í dælustöð Mánagrund.
- Flestar aðveitustöðvar tengdar við skjámynda- og  
aðvörunarkerfið.
- P-Cim kerfið uppfært í „6.54“ og síðan í „6.60“.
- Skjámyndir fyrir orkuver 5 uppfærðar og lagfærðar.

### ORKUVER SVARTSENGI - FRAMLEIÐSLA 1976 - 2000

	Eining	2000	1999	Breyting 1999 - 2000	Samtals 1976 - 2000
Seld raforka út á net . . . . .	GWh	343,98	127,51	167,77%	1.628,86
Seld raforka til Reykjanes . . . . .	GWh	0,00	0,00		5,39
Eigin notkun raforku . . . . .	GWh	26,49	19,98	32,60%	297,79
<b>Samtals</b>	<b>GWh</b>	<b>370,48</b>	<b>147,49</b>	<b>151,19%</b>	<b>1.932,05</b>
<b>Vatnsframleiðsla . . . . .</b>	<b>Tonn</b>	<b>7.861.960</b>	<b>7.677.138</b>	<b>2,41%</b>	<b>152.077.158</b>
<b>Vatnsframleiðsla (orka) . . . . .</b>	<b>GWh</b>	<b>538,00</b>	<b>535,30</b>	<b>0,50%</b>	<b>10,524,68</b>
Upptekt úr jarðhitasvæði . . . . .	Þús tonn	11,137	7,686	44,90%	176,984
Niðurdæling í jarðhitasvæði . . . . .	Þús tonn	0,000	-0,701	-100,00%	-8,553
	<b>Þús. tonn</b>	<b>11,137</b>	<b>6,985</b>	<b>59,44%</b>	<b>168,431</b>

- Viðvaranir í nokkrum kerfum flokkaðar og settar inn á viðvörunarkerfið.
- Unnið við að tölvuvæða eldri hluta orkuversins og settar upp skjámyndir.
- Aðvörunarkerfið “AAHandler” tekið í auknu mæli í notkun.
- Flokkun viðvarana í orkuveri 5 og lagfærður texti í gagnagrunni.



## B HITAVEITUDEILD

Á árinu voru lagðir 5,5 km dreifikerfis, en aftengdir voru 0,6 km, mest á Keflavíkurflugvelli. Lenging dreifikerfisins varð því um 4,9 km og er það nú um 298,3 km. Pípulengd aðveitu- og stofnæða er 62,8 km. og lengd aðveitu-, stofn- og dreifikerfis er þá um 361 km.

Lagt var inn í 103 hús á árinu, en 7 hús voru aftengd og fjölgaði inntökum því um 96 á árinu. Fjöldi inntaka í árslok var 4.846 og þar af voru hemlagrindur 5.153 og mælagrindur 205 eða samtals 5.358 hemla- og mælagrindur.

Deildin hafði umsjón með hönnun og lagningu kaldvatnsstofnæðar sem lögð var á árinu milli Kefla-

víkur og Sandgerðis, en hún er um 7,8 km, fyrri hluti hennar er 400 mm í þvermál, en síðari hlutinn milli Rockville og Sandgerðis er 315 mm í þvermál. Fyrirhugað er að taka æðina í notkun í ársbyrjun 2001.

Við eftirlit á grindum og inntökum voru skoðaðar 2.261 grind, þar af 1.116 vegna notendaskipta. Af þessum 2.261 grindum reyndust 81% vera í lagi, strax var gert við 8%, en stærri viðgerðir voru í um 11% tilfella.

Stærstu viðhaldsverkefni voru endurnýjun yfirfallsröra í bakrennslis- og Fitjageymum, endurnýjun og málun útloftana en einnig var unnið við eftirlit og viðhald brunna.

## C RAFMAGNSDEILD

### Aðveita

Síðastliðinn vetur urðu rekstraruflanir í riðbreyti-stöð þegar stíf vestan átt gekk yfir og snjóaði þá inná vél 1. Í framhaldi af því var loftinntak vélarinnar fært af vesturgafli yfir á suðurgafli. Einnig var skipt um stjórn-búnað á inntakslokum í leiðinni og kælislóftsiur voru

## ÝMSAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTUR 2000

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS

	Kefla- vík	Grinda- vík	Njarð- vík	Sand- gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samnt.	Varnar- liðið	Samtals
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir	12.255	6.535	10.698	1.148	2.983	4.339	0	37.958	0	37.958
Rúmmál tengdra húsa - annað	33.755	38.124	146.260	81.400	9.631	0	0	309.170	0	309.170
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rúmmál aftengdra húsa - annað	0	0	0	0	0	0	0	0	-34.125	-34.125
Sala um mæla húsh. (m <sup>3</sup> )	44.657	85.163	33.256	395.176	3.049	478	0	561.779	0	561.779
Sala til sundlauga (m <sup>3</sup> )	145.830	128.644	33.903	31.774	72.035	32.971	0	445.157	0	445.157
Sala um mæla iðn.not(m <sup>3</sup> )	35.795	79.309	21.997	27.669	19.173	1.164	0	185.107	5.520	190.627
Sala til sérstakra iðn.nota (m <sup>3</sup> )	0	13.714	122.179	64.182	100.954	194.180	0	495.209	0	495.209
Sala á ferskvatni (m <sup>3</sup> )	4.785.775	1.003.394	0	0	0	0	0	5.789.169	0	5.789.169
Sala um hemla 1.1.2000 1/m	7.638	2.392	2.804	1.469	1.045	601	111	16.060	13.392	29.452
Sala um hemla 31.12.2000 1/m	7.883	2.454	2.910	1.488	1.077	622	112	16.546	13.292	29.838
Viðbætur 2000 %	3,21%	2,59%	3,78%	1,29%	3,06%	3,49%	0,90%	3,03%	-0,75%	1,31%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði.

Byggingar á Varnarsvæðinu sem HS selur beint til eru taldar með Njarðvík.



endurnýjaðar fyrir vél 2 með pokasíum, en fyrir voru grófari síur. Í riðbreytistöð voru töluverðar endurbætur utanhúss og var hún meðal annars máluð að utan og vesturgöfl klæddur með álklaðningu. Viðhaldsdeild á um þessi verk.

Búnaður til tengingar við fjargæslibúnað HS var settur upp í aðveitustöðvum í Sandgerði, Garði, Vogum og Helgúvík og verður þessum stöðvum stjórnad frá stjórnstöð Svartsengi. Einnig verður mögulegt að skoða í fjargæslukerfinu mælingar og stöðu rofa frá skrifstofu Brekkustíg.

Tekinn voru olíusýni af öllum spennum í aðveitukerfinu til greiningar á ástandi spennanna og kom margt þar í ljós sem þarf frekari athugunar við þó ekki reyndist ástand þeirra vera það slæmt að það kallaði á tafarlaus viðbrögð. Sérfræðingur frá MR reinhausen í Þýskalandi var fenginn, í samvinnu við RST-net, til að yfirfara þrepastilla í aðveituspennum í Aðalgötu, Bolafæti og öðrum 40 MVA spenninum á Fitjum. Þrepastillarnir í Aðalgötu og Bolafæti reyndust vera í góðu lagi en stilla þurfti keyrsluna á þrepastillinum í spenninum á Fitjum. Loks var unnið í aðveitustöð Bolafæti og í Sandgerði við lóðarfrágang.



### Dreifing háspennu

- Við Heiðarberg í Keflavík þurfti að færa 12 kV 3\*240q streng á 300 m. kafla vegna breytinga á deiliskipulagi hjá Reykjanesbæ.
- Frá dreifistöð 503 í Vogunum var lagður 12kV 3\*50 q strengur niður á hafnarsvæðið og var þetta verk unnið samhliða lágspennudreifingu sem farið var í vegna bygginga við Jónsvör.
  - Frá dreifistöð 454 við Leiru var lagður 12 kV 3\*50 q strengur að nýrri dreifistöð 359 í Rockville.
  - Lagður var 12 kV 3\*240 q strengur fyrir nýja dreifistöð í suðurbyggingu Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Strengurinn var lagður í röri frá núverandi dreifistöð í kjallara norðurbyggingar út fyrir núverandi flugstöðvarstæði og í dreifistöð í kjallara nýrrar stöðvar.
- Lagður var 2\*(3\*150 q) 12 kV strengur milli rofastöðvar í Svartsengi og rofastöðvar í OV 5.
- Í Höfnunum var sett ný dreifistöð við Seljavog 14, en sú stöð er m.a. fyrir lífefnafyrirtækið Bio-process og hluta af Hafnagötu.
- Á árinu var unnið við lagfæringar í nokkrum dreifistöðvum sem höfðu verið skoðaðar samkvæmt öryggisstjórnunarkerfi HS á síðasta ári og

### TENGT HÚSNÆÐI 31.12.2000

	Íbúð.húsn. m <sup>3</sup>	Annað m <sup>3</sup>	Alls m <sup>3</sup>	%	1/min	Íbúafj. 01.12.00	%	Tonn húshitun	%
KEFLAVÍK	1.181.914	553.032	1.734.946	41,93%	7.883	7.830	47,48%	44.657	37,98%
NJARÐVÍK	393.281	313.965	707.246	17,09%	2.500	2.899	17,58%	33.256	14,06%
NJARÐVÍK - FLUGV:	0	68.001	68.001	1,64%	304	0	0,00%	0	0,00%
HAFNIR	17.635	1.522	19.157	0,46%	112	111	0,67%	0	0,54%
	<b>1.592.830</b>	<b>936.520</b>	<b>2.529.350</b>	<b>61,13%</b>	<b>10.799</b>	<b>10.840</b>	<b>65,73%</b>	<b>77.913</b>	<b>52,59%</b>
GRINDAVÍK	<b>322.575</b>	<b>206.249</b>	<b>528.824</b>	<b>12,78%</b>	<b>2.454</b>	<b>2.314</b>	<b>14,03%</b>	<b>85.163</b>	<b>11,23%</b>
SANDGERÐI	171.451	133.220	304.671	7,36%	1.488	1.354	8,21%	0	6,57%
SANDG. - FLUGST.SV	0	445.447	445.447	10,77%	0	0	0,00%	395.176	0,00%
	<b>171.451</b>	<b>578.667</b>	<b>750.118</b>	<b>18,13%</b>	<b>1.488</b>	<b>1.354</b>	<b>8,21%</b>	<b>395.176</b>	<b>6,57%</b>
GARÐUR	<b>155.956</b>	<b>58.666</b>	<b>214.622</b>	<b>5,19%</b>	<b>1.077</b>	<b>1.209</b>	<b>7,33%</b>	<b>3.049</b>	<b>5,87%</b>
VOGAR	<b>88.800</b>	<b>26.200</b>	<b>115.000</b>	<b>2,78%</b>	<b>622</b>	<b>774</b>	<b>4,69%</b>	<b>478</b>	<b>3,75%</b>
ALLS	<b>2.331.612</b>	<b>1.806.302</b>	<b>4.137.914</b>	<b>100,00%</b>	<b>16.440</b>	<b>16.491</b>	<b>100,00%</b>	<b>561.779</b>	<b>80,00%</b>
VARNARLIÐIÐ	<b>664.114</b>	<b>1.235.645</b>	<b>1.899.759</b>		<b>13.292</b>			<b>0</b>	
<b>ALLS</b>	<b>2.995.726</b>	<b>3.041.947</b>	<b>6.037.673</b>		<b>29.732</b>			<b>561.779</b>	



ekki tekist að klára þær lagfæringar vegna manneklu.

- Unnið var að viðhaldsmálum fasteigna í dreifistöðvum á árinu þar sem loft og veggir stöðva voru máluð og lagfærð, viðhaldsdeildin sá um þau verk.

### Dreifing lágspennu

Endurnýjun á lágspennudreifikerfinu var eingöngu á þeim stöðum þar sem Landssíminn var með framkvæmdir samhliða okkar verkum. Í Keflavík var lágspennudreifikerfið endurnýjað í Nónvörðu, Baldursgarði, Fagragarði, Miðtúni og hluta af Hringbraut milli Skólavegar og langleiðina að Tjarnagötu og í Njarðvík var endurnýjað lágspennukerfi í Hólagötu milli Borgarvegar og Gónhóls.

Áætlað var að farið yrði í lagningu og tengingu á heimtaugum við dreifikerfi sem lagt var í Faxabraut á síðasta ári. Þessari framkvæmd var frestað fram á næsta ár vegna mikilla anna hjá rafmagnsdeild.

Nýlagnir í dreifikerfinu voru með mesta móti á árinu. Í Keflavík var lagt dreifikerfi í Ægisvelli og hluta af Norðurvöllum, í Grindavík var klárað að leggja í Arnarhraun og Krók, í Njarðvík var lagt í hluta að Njarðarbraut og Fitjabraut, lokið var við að leggja dreifikerfið í Rockwille, í Garðinum var lagt að fjórum húsum við Lindartún og fyrsti áfangi að dreifikerfi í Ósbraut og í Vogunum var lagt í Iðndal, Akurgerði að hluta, Hvammsgötu, hluta af Hvammsdal og niður á hafnar-svæðið (Jónsvör).



### Götuljós

Haldið var áfram með hreinsun og málnun á götulljósastaurum á árinu, endurnýjun á ljósastaurum og ljóskerjum var mun meiri en á síðustu árum. Þá var lagt fyrir götulljósum í þeim götum þar sem lagðar voru nýlagnir í á árinu, en ekki voru reistir staurar á þeim svæðum sem ekki var hafin bygging á.

### Samantekt

Á árinu voru lagðir 5.301 m. af 12 kV strengjum og 20.473 m. af ýmsum sverleikum af lágspennustrengjum. Af götugreiniskápum voru reistir 62 stk á árinu, bæði vegna nýlagna og endurnýjunar. Götulýsing er stöðugt í endurnýjun og aukningu og voru reistir 115 nýir staurar á árinu og 101 staur og lampar voru endurnýjaðir. Einnig var farið í skipulögð peruútskipti/plastskipti á árinu í Reykjanesbæ og stefnt að því að allt veitusvæðið verði klárað á næsta ári. Heimtaugum fjölgaði um 116 á árinu og er það rúmlega tvöföldun frá fyrra ári en mælum fjölgaði um 162 á árinu.

### Bilanir á raforkuflutningskerfi

- Fimmtudaginn 11. febrúar var vél 1 í riðbreytistöð tekin út vegna þess að snjóað hafði inn um loftinntak á vestur gaffli stöðvarinnar. Snjór var fjarlægður og vél þurrkuð með hitablásurum og var vélin sett inn aftur 14. febrúar.
- Fimmtudaginn 11. febrúar sló Hafnalína út vegna seltu og ísingar og stóð straumleysi yfir í um 1 klst.

## REKSTUR HITAVEITUDEILDAR SKIPTIST ÞANNIG Á ÁRINU (ÞÚS. KR.):

	2000		1999	
<b>Utanhúsdeild:</b>				
Rekstur dælustöðva . . . . .	10.121		4.905	
Rekstur aðveituæða . . . . .	4.628		6.979	
Rekstur miðlunargeyma . . . . .	9.200		12.705	
Rekstur dreifikerfa . . . . .	18.194		14.506	
Rekstur brunna . . . . .	8.018		6.547	
Sameiginlegt (60%) . . . . .	4.385	54.546	4.399	50.041
<b>Innanhúsdeild:</b>				
Rekstur húskerfa . . . . .	26.438		24.511	
Sameiginlegt (40%) . . . . .	2.924	29.362	2.933	27.444
<b>Samtals</b>	<b>83.908</b>		<b>77.485</b>	

- Fimmtudaginn 11. febrúar fór þræðing í mastri á Hafnalínu, fyrir Stofnfisk, vegna seltu og ísingar. Ekki var unnt að fara í viðgerð fyrr en daginn eftir og var straumlaust í um 18 klst.
- Sunnudaginn 14. febrúar sló Hamraneslína (SN1) út í aðveitustöðinni á Fitjum vegna jarðhlaups á Búrfellslínu og var straumlaust í u.þ.b. 1 klst. Stilling fjarlægðarvarnar fyrir línuna (SN1) var endurskoðuð í framhaldinu.
- Miðvikudaginn 19. maí sló út rofin fyrir S.R. Mjöl í Helgúvík vegna rangrar liðastillingar og var straumlaust í rúmlega hálfra klst.



Auk þess er og verður að sinna allskonar þjónusta við viðskiptavinum HS eins og ávallt áður.

Undanfarin ár hefur verið unnið skipulega að upplýsingasöfnun eigin virkja HS. Þessari vinnu miðar vel og áætlað að henni ljúki á næsta ári. Niðurstöður þessarar upplýsinga eru yfirfarnar og skráðar í DMM eignaskráningakerfi HS.

Í desember síðastliðinn fékk Hita-veita Suðurnesja, eitt fárra raforkufyrirtækja, viðurkenningu Löggildingarstofu um að hafa komið sér upp öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt lögum nr.146/1996.

Um áramótin hófst síðan vinna okkar eftir uppsettu skoðunarferli. Vinnuferillinn er vel uppsettur og án teljandi hnökra og til sóma fyrir fyrirtækið og þá starfsmenn sem unnu það.

## D RAFMAGNSÖRYGGISDEILD (áður rafmagnseftirlit)

Eins og komið hefur fram í ársskýrslum, þá hefur rafmagnseftirlit Hitaveitu Suðurnesja verið lagt niður í þeirri mynd sem áður var. Enn er þó rafveitum skylt að sjá um skráningu gagna og varðveislu þeirra sem berast frá rafverktökum og skoðunarstofum og vera milliliður við Löggildingarstofu.

Aflestur toppmæla er enn á vegum deildarinnar. Þessi vinna tekur tvo menn tvo til þrjá daga í mánuði.

## E INNKAUPA- OG BIRGÐADEILD

Á árinu var gengið frá 36 nýjum erlendum vörupöntunum á móti 74 árið áður. Bankagreiðslur vegna erlendra innkaupa voru um 57,3 m.kr., greidd aðflutningsgjöld um 3,7 m.kr., flutningskostnaður um 4,2 m.kr. og váttryggingar um 0,2 m.kr. Beinn útlagður kostnaður var því um 65 m.kr. á móti 627 m.kr. árið

## DREIFIKERFI OG HEIMÆÐAR

	DREIFIKERFI (Pípul.)			HEIMÆÐAR ( Inntök)		
	Lengd 31.12.99	Viðbætur 2000	Lengd 31.12.00	Fjöldi 31.12.99	Viðbætur 2000	Fjöldi 31.12.00
Keflavík . . . . .	82.911	1.450	84.361	1.957	31	1.988
Grindavík . . . . .	39.361	681	40.042	720	14	734
Njarðvík . . . . .	34.796	964	35.760	705	28	733
Sandgerði . . . . .	25.076	85	25.161	430	4	434
Garður . . . . .	24.066	93	24.159	368	5	373
Vogar o.fl. . . . .	13.662	1.312	14.974	207	16	223
Hafnir . . . . .	3.002	-14	2.988	46	-1	45
Rockville . . . . .	674	0	674	1	0	1
Flugvöllur . . . . .	66.659	-424	66.235	306	-2	304
Flugstöð . . . . .	3.212	779	3.991	10	1	11
<b>Samtals</b>	<b>293.419</b>	<b>4.926</b>	<b>298.345</b>	<b>4.750</b>	<b>96</b>	<b>4.846</b>

Á Keflavíkurflogvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi. Heildarlengd á pípu í kerfinu er nú um 298,3 km.

Lenging lagna í dreifikerfinu var 1,68% á árinu 2000 (var 2,20% 1999).

Lenging lagna í dreifikerfinu, utan flugvallar var 2,36% á árinu 2000 (var 2,99% 1999).

Viðbótarfjöldi inntaka í byggðum, utan flugvallar, var 2,21% á árinu 2000 (var 1,46% 1999).

1999. Ýmis annar kostnaður vegna erlendra vörukaupa, svo sem innanlandsflutningar, umsjón og fleira, nema um 2 m.kr. Innlendar pantanir er innkaupadeild annað-ist voru um 510 en árið 1999 voru þær um 560, að verðmæti frá nokkrum þúsundum til milljóna.

Eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu fara nú öll erlend innkaup fram í gegnum Concorde-innkaupakerfið, þ.m.t. tollskýrslugerð. Á miðju ári fékk fyrirtækið heimild tollstjóra til pappírslausrar tollafgreiðslu, svonefndarar SMT-tollafgreiðslu. Tollskýrslur eru nú sendar á rafrænan hátt til tollstjóra og afhendingarheimild ásamt skuldfærslu gjalda berst til baka með sama hætti yfirleitt innan 15-30 mínútna. Af þessu er mikið hagræði og flýtir og hlaup á milli farmflytjenda, banka og tolls til að fá vörur leystar úr tolli heyrar nú sögunni til.



Á árinu voru auglýst 2 útboð á Evrópska efnahags-svæðinu á móti 5 árið 1999. Bæði útboðin voru verkútboð tengd byggingu orkuvers 5 og einungis komu tilboð frá íslenskum verktökum.

Á árinu hefur áunnist verulega í verkefni undanfarinna ára við að merkja og telja vörur í birgðageymslum og endurraða. Auk þess hefur verið unnið við að merkja, telja og setja á lager ýmislegt umfræfni eftir framkvæmdir við orkuver 5. Þá er stöðugt reynt að skipuleggja innkaup sem best og þannig reynt að minnka birgðir sem kostur er. Í lok árs var virði birgða um 183,8 m.kr. eða um 6% minna en í árslok 1999 og um 17% minna en í árslok 1998. Áfram verður unnið að því að minnka birgðir svo sem kostur er. Starfsmenn birgðadeildar voru fjórir stóran hluta ársins, annars þrjár.

Innkaupastjórihópur Samorku, sem Hitaveitan á fulltrúa í, stóð í febrúar fyrir eins dags námstefnu í Eldborg í Svartsengi um "Innkaup á nýrri öld". Hana sóttu um 50 manns, innkaupa- og tæknimenn orkufyrirtækja, ráðgjafar, birgjar o.fl. Fyrirlesarar komu m.a. frá Ríkiskaupum, ráðuneytum, RARIK og ÍSAL og fjall-

að var um útboðsskyldu á EES, rafræn viðskipti og innkaupakort, umhverfiskröfur í innkaupum, möguleika strikamerkinga o.fl. Námstefnan tókst í alla staði mjög vel og viðbúið að innkaupastjórihópurinn láti ekki þarna staðar numið. Á árinu var unnið að undirbúningi fyrir sameiginlegt útboð á rafmagnsstrengjum og nú ákveðið að miða við að gerður verði samningur til þriggja ára hið minnsta og þá jafnvel að framleiðendur/birgjar annast birgðahald. Nokkrar veitur tóku þátt í sameiginlegum innkaupum á heitavatnsmælum en af öðrum sameiginlegum innkaupum hefur enn ekki orðið. Tæknimenn nokkurra fyrirtækja áttu þó, að frumkvæði innkaupastjórihópins, fund þar sem ræddir voru möguleikar á að sameinast um innkaup á ljósastaurum og götuljósaperum, sem virðist mjög álitlegt og nærtækt.

## F VIÐHALDSDEILD

Starfsmenn deildarinnar voru tveir á árinu en stefnt er að því að þeir verði þrír. Í apríl var tekin ákvörðun um að kanna möguleika á að gera samninga við iðnaðarmenn um að sinna ýmiskonar tilfallandi viðhaldsvinnu í húseignum fyrirtækisins í tímavinnu. Gerð var verðkönnun og skiluðu á fjórða tug iðnaðarmanna inn tilboðum. Í júní var síðan gengið frá samningum við alls 10 aðila, einn til þrjá í hverri iðngrein, samningstími er eitt ár með möguleika á framlengingu í eitt ár til viðbótar. Umsjónarmaður mannvirkja annast öll samskipti við þessa verktaka, verkefnið eru yfirleitt lítill, hvert fyrir sig, og þau unnin í tímavinnu en oft er þörf á snöggum viðbrögðum. Reynslan fram til þessa er að mestu mjög góð og væntanlega verður þetta fyrirkomulag fest í sessi. Eftir sem áður verða stærri, heilstæð verkefni boðin út opið eða lokað í hópi þessara verktaka. Starfsmenn deildarinnar munu áfram sinna öllu því viðhaldi og öðrum þeim verkefnum sem þeir komast yfir en leggja aukna áherslu á skipulegt eftirlit með ástandi bygginga Hitaveitunnar, gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana og eftirlit með verktökum.



## G MÆLADEILD

Í árslok 2000 voru á orkuveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja samtals 7.781 mælar en árið áður voru þeir 7.619 og hefur þeim því fjölgað um 162, þ.e. hleypt hefur verið á 162 nýjar veitur á árinu. Röðun mæla á taxa er samkvæmt töflunni hér að neðan.

Um aldamót fara menn að hugsa til baka um hver þróun í mælingu á rafmagni hefur verið. Þegar að er gáð hefur ekki mikil breyting orðið frá því Ferrani kom með sína kenningu um hvernig skuli mæla raforku sem seld er eftir mæli. Hjá HS eru mælar enn uppi sem voru settir upp um miðja síðustu öld. Sé spurt af hverju það sé verður fátt um svör en leiða má líkum að því, að rafveiturnar hér áður fyrr hafi ekki ekki verið þess megnugar að hafa menn í eftirliti með mælum og að skipta út gömlum mælum. Á veitusvæði HS eru 563 mælar af ýmsum tegundum sem væri æskilegt að skipta út og má þar nefna 223 Sodeco, 22 Sangamo, 72 Tékkó, 84 Metroplitan, 99 Ericsson, 37 Ferrani, 18 Neuberg og 8 EAW. Af þessu eru 144 fjögurra stafa mælar sem hafa verið í sérstakri meðferð til útskiptinga á síðustu árum, en ekki vannst tími til þeirra verka á síðasta ári. Megin ástæðan var sú að mikil vinna var við að fylgja nýju tölvukerfi úr hlaði, en sú yfirfærsla gekk lengi framan af heldur erfiðlega. Á síðasta ári var gerð breyting á verklagi deildarinnar og mönnum skipt upp með það að markmiði að þeir nýttust betur. Þá var farið í að setja upp mælingu fyrir lýsingu á Reykjanesbraut og var unnið við það verk í



sumar og lauk því í lok september. Einnig var ráðist í gagngera athugun varðandi mælingar fyrir eigin notkun og fjarmælingar á toppmælum og er sú vinnsla í fullum gangi um þessar mundir.

## H STJÓRNBÚNAÐAR- OG MÆLITÆKJAEILD

Á árinu sem er að líða hefur starfsmönnum í deildinni fjölgað um einn frá því síðasta ársskýrsla kom út og eru því þrír. Tveir menn eru staðsettir á Brekkustíg og einn í orkuverinu í Svartsengi. Hinn nýi starfsmaður, Guðmundur Þórðarson, er kærkomin viðbót og hefur starfað til fjölda ára við að þjónusta tölvukerfi, meðal annars hjá Hitaveitu Suðurnesja, og er því flestum hnútum kunnugur hjá fyrirtækinu. Deildinni er ætlað að sjá um stjórn- og mælibúnað fyrirtækisins ásamt umsjón alls tölvubúnaðar og upplýsingarkerfa. Stjórn- og mælitækjabúnaður er veigamikill þáttur í framleiðslu orkuversins í Svartsengi, í aðveitustöðvum rafmagns og dælustöðvum heita- og kaldvatnsins. Verksvið deildarinnar nær því yfir framleiðslu, dreifingu sem og inná fyrirtæki/heimili einstakra viðskiptavina með fjarstjórn á aflmælum og viðlíka búnaði. Upplýsingarkerfi fyrirtækisins verður veigameiri þáttur í starfsemi þess með hverju árinu og krefst þess að vel sé fylgst með þeirri öru þróun sem á sér stað. Uppbygging kerfanna var í skoðun á þessu ári sem endranær og farið var í nokkra greiningu á upplýsingarkerfum fyrirtækisins vegna vinnu við stefnumótun og framtíðarsýn fyrirtækisins.

### Rafmagnsmælar á taxa

Sveitarfélag	A1	A2	A3	A4	A5	B1	B11	C1	C2	C3	C4	R1	R2	R3	Ót	Samt
Reykjanesbær	5.125		6	2	4	27		9	131	3	4	1		2	1	5.315
Grindavík	995		3	2	1	14	1	8	15		3		1		2	1.045
Sandgerði	571	1	3	7		6		2	9		15		1	1		616
Gerðahreppur	440					6			16							462
Vatnsleysthreppur	293			11		3	1		15		19			1		343
<b>Samtals</b>	<b>7.424</b>	<b>1</b>	<b>12</b>	<b>22</b>	<b>5</b>	<b>56</b>	<b>2</b>	<b>19</b>	<b>186</b>	<b>3</b>	<b>41</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>7.781</b>



**HITAVEITA SUÐURNESJA - RAFORKA**  
**SALA / NOTKUN / ÖFLUN 1991 - 2000**  
**ÞÚS KWst**

TAXTI	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991
RA11 ALMTAXTI	53.706	47.382	44.809	44.378	40.203	36.621	35.781	35.911	38.755	36.548
RA12 FLUGSTÖÐ	5.192	5.320	4.662	4.469	4.577	4.706	4.570	4.472	0	0
RA13 LANDTENGING	2.034	2.294	1.268	1.216	1.209	1.272	1.438	663	0	0
RA22 MANNV.GERÐ	0	0	0	0	0	0	0	442	572	723
RA24 SUMARBÚSTAÐIR	191	173	164	134	110	97	93	53	41	0
RC13 ÓROFIN HÚSH	182	269	230	279	258	250	198	305	376	375
RC24 ROFIN HÚSH	2.950	2.815	2.869	3.420	3.724	4.532	5.152	5.679	6.091	6.056
RC34 NÆTURHITUN	129	89	87	102	107	153	179	199	185	183
RC44 UTAN HITAV.SV.	1.475	1.335	1.257	1.341	1.060	991	805	826	594	729
RR02 ROEÐN.TAXT	1.794	1.959	1.787	1.570	847	0	0	0	0	0
WR03 TVÍGJ.TAXTAR	487	484	419	120	0	0	0	0	0	0
UB15 AFLTAXTI	31.381	29.045	25.845	22.385	21.175	20.240	20.447	19.146	18.594	19.212
UB20 FISKELDI	19.431	19.469	19.046	18.780	17.897	16.166	14.560	13.747	15.275	17.482
	<b>118.952</b>	<b>110.634</b>	<b>102.443</b>	<b>98.194</b>	<b>91.167</b>	<b>85.028</b>	<b>83.223</b>	<b>81.443</b>	<b>80.483</b>	<b>81.308</b>
VARNARL 60 RIÐ	63.037	65.118	67.695	70.394	73.320	73.171	73.191	74.180	76.155	77.036
VARNARL 50 RIÐ	5.722	2.554	899	931	954	883	825	865	369	245
	<b>68.759</b>	<b>67.672</b>	<b>68.594</b>	<b>71.325</b>	<b>74.274</b>	<b>74.054</b>	<b>74.016</b>	<b>75.045</b>	<b>76.524</b>	<b>77.281</b>
	<b>187.711</b>	<b>178.306</b>	<b>171.037</b>	<b>169.519</b>	<b>165.441</b>	<b>159.082</b>	<b>157.239</b>	<b>156.488</b>	<b>157.007</b>	<b>158.589</b>
REYKJANES	545	459	586	572	500	593	2.423	4.720	0	0
EIGIN NOTKUN	26.493	19.925	17.916	17.532	17.358	17.134	16.408	15.166	15.511	14.320
ÁÆTL. GÖTULÝSING	3.923	3.923	3.786	3.786	3.748	3.729	3.533	3.267	3.000	2.800
TÖP Í KERFI	9.603	9.124	11.512	10.613	11.391	11.517	9.422	9.265	10.747	15.381
	<b>40.564</b>	<b>33.431</b>	<b>33.800</b>	<b>32.503</b>	<b>32.997</b>	<b>32.973</b>	<b>31.786</b>	<b>32.418</b>	<b>29.258</b>	<b>32.501</b>
<b>FORGANGORKA SAMTALS</b>	<b>228.275</b>	<b>211.737</b>	<b>204.837</b>	<b>202.022</b>	<b>198.438</b>	<b>192.055</b>	<b>189.025</b>	<b>188.906</b>	<b>186.265</b>	<b>191.090</b>
UB30 ÓTRYGGÐ ORKA	31.592	18.752	24.035	29.211	22.955	21.790	0	0	0	0
<b>ORKUNOTKUN SAMTALS</b>	<b>259.867</b>	<b>230.489</b>	<b>228.872</b>	<b>231.233</b>	<b>221.393</b>	<b>213.845</b>	<b>189.025</b>	<b>188.906</b>	<b>186.265</b>	<b>191.090</b>
LANDSVIRKJUN FORG.ORKA	5.507	77.622	79.257	77.048	81.275	82.768	83.682	87.125	97.195	101.677
LANDSVIRKJUN ÓTR ORKA	0	18.740	24.059	29.211	22.957	21.791	0	0	0	0
	<b>5.507</b>	<b>96.362</b>	<b>103.316</b>	<b>106.259</b>	<b>104.232</b>	<b>104.559</b>	<b>83.682</b>	<b>87.125</b>	<b>97.195</b>	<b>101.677</b>
EIGIÐ ORKUVER	370.476	147.487	123.233	122.795	114.351	107.225	104.072	99.842	89.070	89.413
TERRI REYKJANESI	289	2.310	2.323	2.179	2.810	2.061	1.271	1.939	0	0
	<b>370.765</b>	<b>149.797</b>	<b>125.556</b>	<b>124.974</b>	<b>117.161</b>	<b>109.286</b>	<b>105.343</b>	<b>101.781</b>	<b>89.070</b>	<b>89.413</b>
EIGIÐ ORKUVER-STÓRIÐJA	-116.405	-15.670	0	0	0	0	0	0	0	0
	<b>254.360</b>	<b>134.127</b>	<b>125.556</b>	<b>124.974</b>	<b>117.161</b>	<b>109.286</b>	<b>105.343</b>	<b>101.781</b>	<b>89.070</b>	<b>89.413</b>
<b>SAMTALS</b>	<b>259.867</b>	<b>230.489</b>	<b>228.872</b>	<b>231.233</b>	<b>221.393</b>	<b>213.845</b>	<b>189.025</b>	<b>188.906</b>	<b>186.265</b>	<b>191.090</b>

Starfsmenn deildarinnar hafa í ár unnið að marg-  
vislegum verkefnum og er helst að nefna frekari upp-  
byggingu á skjámynda- og iðntölvukerfi í orkuverinu.  
Þar hefur mikið starf verið unnið, starf sem leitt hefur  
verið af umsjónarmanni Scada kerfisins Braga Eyjólf-  
syni, sem nýlega hlaut viðurkenningu frá fyrirtækinu  
vegna 25 ára starfsafmælis. Haldið hefur verið áfram  
uppbyggingu á beiðnakerfi í Lotus Notes hópvinnu-  
kerfinu Go-Pro og eru starfsmenn fyrirtækisins al-  
mennt ánægðir með þessa viðbót í upplýsinga-  
kerfi fyrirtækisins.

Nú er líklega orðið víst að Rafveita  
Hafnarfjarðar og Hitaveita Suðurnesja  
munu sameinast á árinu 2001 og er því  
hafin vinna við að skoða hvernig upp-  
lýsingakerfi og vinnuferlar þessara fyrir-  
tækja muni renna saman og verður vænt-  
anlega all nokkur vinna fölginn í því á þessu  
ári.

Starfsmenn deildarinnar horfa nú sem endranær  
fram á veginn og munu taka af heilum hug þátt í þeim  
verkefnum sem framtíðin hefur í för með sér.

## I TÆKNIDEILD

### 1. Orkuver 5

Eins og árin á undan var aðalverkefni tæknideildar  
verkefnisstjórn orkuvers 5 í Svartsengi, en þeirri fram-  
kvæmd var nánast að fullu lokið á árinu, en prófanir á  
varmaskiptahlutanum hófust á vordögum. Gera þurfti  
nokkrar minniháttar breytingar á orkuverinu í ljósi  
rekstrarreynslu (gaskerfi, gasstrompur). Unnið var að  
undirbúningi og útboðum á húsum yfir skilju- og  
hljóðdeyfistöð og frágangi lóðar. Byggingu skilju- og  
hljóðdeyfistöðvarhúsa lauk í haust, en lóðarfram-  
kvæmdir hafa dregist og væntanleg verklok verða ekki  
fyrir en vorið 2001. Einnig var undirbúin og boðin út  
framkvæmd endurnýjunar á safnæð frá borholu 10 í  
Svartsengi. Unnið er að undirbúningi frekari virkjana  
og þá helst hagkvæmniathugun á að virkja meiri  
"strompgufu" eða umfram bakþrýstingufu í Svartsengi.


### 2. Landupplýsingakerfi - teiknistofa

Eins og í fyrra hefur verið haldið áfram að teikna  
lagnakerfi hitaveitu og rafveitu inn á uppréttar loft-  
myndir í tölvu. Á árinu var lokið við að teikna inn


hitaveitulagnir í Vogum og Sandgerði og raflagnir í  
Njarðvík og Vogum. Teiknaðar voru einlínummyndir af  
dreifistöðvum í Sandgerði og byrjað á rafveitukerfinu  
þar svo og hitaveitu- og raflagnakerfi í Grindavík. Þá  
voru keyptar uppréttar háflugs loftmyndir af öllu veitu-  
svæði HS. Ákveðið var að taka upp nýtt hnitkerfi fyrir  
kortagrunn, ÍSN93, en það er samræmt hnitkerfi fyrir  
Ísland skv. nýrri reglugerð umhverfisráðuneytisins og  
var því lokið á haustmánuðum. Unnið er að undir-  
búningi á veflausn fyrir landupplýsingakerfið og  
er prufuvefur nú þegar í gangi.

## J SKRIFSTOFA

Eins og getið var um í síðustu árs-  
skýrslu, þá voru gerðar á árinu 1999  
miklar breytingar á tölvukerfum þeim  
sem notuð eru við skrifstofuhaldið. Skipt  
var út tölvukerfum og önnur voru uppfærð  
eða endurbætt að miklu leyti. Þessar breytingar  
voru allar tilkomnar vegna 2000 vandans þ.e. að kerfin  
gátu ekki tekist á við ártalið 2000. Launakerfið sem  
tekið var upp hefur gengið vel og ekki komið upp telj-  
andi vandkvæði, en þó hafa verið gerðar tvær lítilshátt-  
ar endurbætur á einstökum hlutum þess. Fjárhagsbók-  
haldskerfið var uppfært með nýrri útgáfu milli jóla og  
nýárs 1999. Sú uppfærsla hafði í för með sér ýmis og  
nokkuð fjölþætt vandkvæði svo ekki sé sagt vandræði.  
Þrátt fyrir nokkuð langan undirbúning og mikla vinnu  
við að skrá og ná utan um allar þær notendabreytingar  
sem gerðar höfðu verið á eldri útgáfu, þá var það svo,  
að mjög mikið af ýmiskonar sérsmiði og skýrslu upp-  
setningum týndist, skekkist eða skemmdist við þessa  
uppfærslu. Nokkur vinna og kraftar fóru í að laga og  
aðlaga nýju uppfærsluna og eltu nokkrir þættir okkur  
fram eftir ári. Það má segja að nú í árslok 2000 séu  
flestir hlutir komnir til betri vegar og notendur að læra  
á og taka í notkun þá nýju og endurbættu hluti sem  
komu inn í kerfið með þessari uppfærslu. Orkureikn-  
ingakerfið sem einnig var tekið upp á síðustu dögum  
ársins 1999 hefur valdið okkur nokkrum vandræðum  
og hefur verið í stöðugri þróun og aðlögun að okkar  
þörfum og aðstæðum. Ljóst er að kerfið er mjög öflugt  
og hefur marga verulega góða og sterka kosti. Hins  
vegar hefur gengið seint að laga og breyta ýmsum  
skýrslum og upplýsingum sem frá kerfinu koma. Allar  
breytingar og lagfæringar taka fremur langan tíma, sem  
er bagalegt fyrir okkur sem viljum geta beðið um nýtt




útlit eða nýtt innheimtubréf um hádegi og haft það nothæft um kaffileytið. En þannig ganga hlutirnir ekki fyrir sig, því að það er verið að berjast við að halda kerfinu stöðluðu, allar breytingar þurfa samþykki framleiðanda, sem síðan framkvæmir breytingarnar og verða þær þar með hluti af staðlaða kerfinu. Þessar breytingar þarf síðan að þýða og koma inn í íslensku útgáfuna. Til framtíðar er þetta örugglega mjög gott, en tefur óneitanlega eðlilega og góða innleiðingu. Það er griðarlega mikið af gagnlegum upplýsingum til í gagnagrunni kerfisins. Þessar upplýsingar viljum við nota og sjá með öðrum hætti en Svíarnir og þess vegna er mikil vinna við framsetningu gagna.



Allt er þetta að færast nær og til betri vegar, en ennþá mun töluvert vatn renna til sjávar áður en við verðum fullkomlega ánægð. Unnið er markvisst að framsetningu aukinna upplýsinga fyrir viðskiptavinum og ætlum við, að innan tíðar geti viðskiptavinir okkar fengið víðtækan aðgang að eigin upplýsingum á netinu. Þannig á viðskiptavinurinn að geta með aðgangsorði opnað sýn að eigin notkunarstöðum og veitum. Hann á að geta skoðað notkun sína og borið hana saman við meðaltal sambærilegs notanda. Notandi á að geta fært inn álestra af mælum og breytt greiðslumáta, annað hvort beint eða með skilaboðum sem berast beint til þeirra sem vinna álestra og orkureikninga. Þá er enn ekki að fullu lokið frágangi ýmissa innheimtuferla og -leiða í kerfinu og hefur það valdið ákveðnum vandræðum við eðlilega og markvissa innheimtu. Lengi hefur það verið vilji og ósk forsvarsmanna að hafa í notkun eitt samræmt og heildstætt upplýsingakerfi, þar sem öll gögn lægju í einum og sama gagnagrunni og aldrei þyrfti að skrá upplýsingar eða gögn nema einu sinni. Á síðustu mánuðum ársins var gert samkomulag við hugbúnaðarfyrirtæki um samstarf, þar sem ákveðið var að fara ofan í saumana á möguleikum þess að uppfylla þessar væntingar okkar. Nokkuð hefur verið unnið í málinu á árinu, meðal annars gerð eins konar þarfaskrá og á grundvelli hennar sett fram lýsing á því hvernig ákveðinn hugbúnaður gæti tekist á við og leyst þessar óskir okkar. Vinna við þetta var í gangi um áramótin og er henni ekki lokið þegar þetta er ritað, en ýmsir nýir fletir eru komnir upp sem eru til skoðunar og umræðu. Um eða skömmu fyrir 1990 fóru vanskil hjá Hitaveitu Suðurnesja að aukast verulega, meðal annars vegna versnandi atvinnuástands á svæðinu og

efnahags í landinu. Þessi þróun hélt áfram þrátt fyrir hefðbundna innheimtu og aukna aðstoð lögfræðinga við innheimtuaðgerðir. Árið 1995 var hafist handa við breytingar á verklagi við innheimtu. Í desember 1996 var stofnað gæðalið um verklagið og í framhaldi af því eða í árslok 1998 voru samþykktar nýjar verklagsreglur við innheimtu og hafa þær skilað miklum og jákvæðum árangri. Þó svo að sjálf verklagsreglan hafi ekki verið endanlega samþykkt fyrir en í lok árs 1998 var fljótlega farið að vinna eftir fyrstu drögum og verklag þróað með og samhliða útfærslu reglunnar. Eftirfarandi er samanburður á hlutfalli ógreiddra orkureikninga um hver áramót miðað við útsenda reikninga á viðkomandi ári.

Ógreiddir orkureikningar sem hlutfall útsendra reikninga




Helsta skýringin á bakslagi í innheimtu árið 2000 er sú, að eins og kemur fram hér að framan, voru ýms vandkvæði við að nýta innheimtu ferla nýja orkureikningakerfisins, en von okkar og víska er að úr því verði bætt á árinu 2001.

Framundan eru fyrrsjáanlegar miklar breytingar með samruna Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar í eitt fyrirtæki, það er Hitaveitu Suðurnesja hf. Þessi breyting mun hafa í för með sér verulegar skipulagsbreytingar sem væntanlega koma til með marka spor í rekstri og starfi skrifstofu. Gert er ráð fyrir að skrifstofan verði að hluta starfrækt á tveimur stöðum, sem að sjálfsögðu kallar á breytingar og endurskipulagningu á ýmsum verkferlum. Þá er líka ljóst að verið er að vinna að gerð nýrra raforkulaga, sem væntanlega geta og munu hafa áhrif á starf og rekstur fyrirtækisins, þó svo að í dag séu slík áhrif ekki ljós og að stórum hluta ófyrirséð.



## K STARFSMANNAHALD

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi hitaveitunnar á árinu 2000 og fækkaði stöðugildum um 3 eða úr 74,7 í 71,7 miðað við áramót. Mestu breytingarnar urðu í Svartsengi. Bjarni Ísleifsson og Sigurpáll Ásgeirsson fóru til annarra starfa í upphafi árs en á vormánuðum réðst til starfa Kristmundur Skarphéðinsson. Á sumarmánuðum fór einnig Einar Bragi Sigurðsson til annarra starfa, Páll Kristinsson til náms og Jón Borgarsson lét af störfum sökum aldurs. Undir lok árs, þann 30. nóvember, gerðist sá hörmulegi atburður að Jón Rúnar Árnason lést af slysförum ásamt eiginkonu sinni. Blessuð sé minning þeirra. Í síðustu ársskýrslu var greint frá því, að Sigbjörn Ingimundarson myndi hefja störf í vatnsdeild eftir árs launalaust leyfi. Sigbjörn ákvað hinsvegar að hverfa til annara star-



fa og sömuleiðis Sigurður Guðbjörnsson í vatnsdeildinni en í þeirra stað var ráðinn Magnús Hafsteinsson. Eysteinn Einarsson lét af störfum í maí sökum aldurs og í hans stað var fastráðinn Guðmundur Árnason, en Guðmundur hafði áður sinnt aflestri og leyst af á lagernum. Í rafmagnsdeild hætti á vormánuðunum Leó Már Jóhannsson tæknifræðingur en hann fór til frekari náms. Ekki hefur tekist að ráða í hans stað. Í rafmagnsdeild hóf einnig störf Gústav Danielsson. Nýtt stöðuheiti varð til hjá fyrirtækinu er Guðmundur Þórðarson réðst til starfa, en hann hefur umsjón með tölvukerfum Hitaveitunnar.

Eins og fyrr voru nokkrir lausráðnir starfsmenn vegna framkvæmda og við afleysingar og voru, að meðtöldum stjórnarmönnum, aflestarfólki í hlutastarfi og ræstingarfólki alls 127 manns greidd laun á árinu.

	2000		1999	
Framkvæmdastjórn . . . . .	2,0		2,0	
Fjármálastjóri . . . . .	1,0		1,0	
Fjármál, bókhald, innheimta, þjónusta . . . . .	9,0		9,0	
Gæða- og starfsmannamál . . . . .	1,0		1,0	
Eldborg . . . . .	1,0	14,0	1,0	14,0
OV; stöðvarstjórn og viðhaldsstjórn . . . . .	2,0		2,0	
OV; vélgæsla . . . . .	5,0		5,0	
OV; viðhald og eftirlit . . . . .	11,0	18,0	15,0	22,0
Hitav.; forstöðumaður . . . . .	1,0		1,0	
Hitav.; viðhald og eftirlit . . . . .	8,0	9,0	8,0	9,0
Rafveita; forstöðum. og rekstrarstj. . . . .	1,0		2,0	
Rafveita; viðhald og eftirlit . . . . .	9,0		8,0	
Rafveita; innri öryggisstjórnun (rafm.eftirlit) . . . . .	2,0		2,0	
Rafveita; mælar/lokanir . . . . .	2,0	14,0	2,0	14,0
Mæli- og stjórnþúnaðard., tölvukerfi . . . . .	1,0		1,0	
Mæli- og stjórnþúnaðard. . . . .	1,0		1,0	
Umsjón tölvukerfa . . . . .	1,0	3,0	0,0	2,0
Tæknideild . . . . .	1,0		1,0	
Tækniteiknun . . . . .	1,7	2,7	1,7	2,7
Innkaup, birgðahald og viðh. mannvirkja . . . . .	1,0		1,0	
Birgðavarsla . . . . .	4,0		4,0	
Viðhald mannvirkja . . . . .	2,0	7,0	2,0	7,0
Mötuneyti . . . . .	1,0		1,0	
Ræsting (ákvæðismæld) . . . . .	3,0	4,0	3,0	4,0
<b>Samtals</b>		<b>71,7</b>		<b>74,7</b>



## L ELDBORG


Töluverð aukning varð á gestakomu í Eldborg árið 2000 og var gestafjöldinn á annan tug þúsunda. Eflaust má að miklu leyti þakka það tilkomu gjárinnar, en hún var formlega tekin í notkun á sama tíma og orkuver 5 eða þann 8. janúar 2000. Það er greinilegt að hún hefur laðað að margan fróðleiksúsán gestinn og er það einróma álit þeirra að vel hafi til tekist með framsetningu hennar og að hún sé mikil lyftistöng fyrir ferðamannaíðnaðinn á Suðurnesjum. Skólar í landinu hafa í auknum mæli nýtt sér þann mikla fróðleik sem þar er settur fram og á það jafnt við yngstu árgangana sem þá elstu. Kennarar hafa keppt við að lofa þetta framtak og framlag HS til samfélagsins og segja það auðvelda nemendum sínum námið að geta komist í nána snertingu við viðfangsefnið. Verkfall rútbústjóra setti sitt mark á gestakomu yfir sumartímamann og eflaust hefði hún orðið mun meiri ef það hefði ekki komið til. Nýting salarkynna var með ágætum sérstak-



lega miðað við að engin markaðssetning hefur átt sér stað hvað útleigu á þeim varðar. Mörg stærri og smærri fyrirtæki nýttu sér aðstöðuna á árinu og sum hver oftast en einu sinni. Aðallega eru þetta fyrirtæki af stór-Reykjavíkursvæðinu þó einnig hafi farið þar fram oftast en einu sinni alþjóða ráðstefnur. Segja má að markaðssetning Eldborgar hafi byggst á ánægju gesta og þeirra góða umtali. Eldborg hefur þegar sannað, að mikil þörf er á aðstöðu þeirri er þar er boðið upp á og sýnir vel framsýni þeirra er að ákvörðunartöku komu á sínum tíma.


Eftirfarandi línurit yfir fundasali sýnir útleigu þeirra á árs grundvelli og kökuritið sýnir hlutfallslega skiptingu gesta þ.e. skólaheimsóknir, erlenda ferðamenn og íslenska gesti, sendinefndir o.fl. Ekki eru taldir með þeir gestir er ekki hafa pantað og koma á eigin vegum. Sjálfsgat skipta þeir þó hundruðum.

### Nýting salarkynna á árs grundvelli.



Salur 3, samtals 47  
 Salur 2, samtals 41  
 Salur 1, samtals 43

### Skipting gesta í gjána árið 2000.



Skólaheimsóknir, 3.949  
 Erlendir ferðamenn, 2.681  
 Annað, isl fyrirtæki, hópar, erlendarsendinefndir o.fl., 4.507

## AL TÆ K GÆÐASTJÓRNUN (A G S)

### ÞRÓUNARSTARFSEMI VATNSDEILDAR

#### - Tæknileg útfærsla, rekstur og viðhald aðveitu- og dreifikerfis hita- og vatnsveitu

Verkefnið fór í barneignarleyfi með gæðastjóra og kom fyrst saman á haustmánuðunum. Verið er að leggja lokahönd á vinnulýsingar vegna viðhalds fyrir heita vatnið og hafinn er vinna við að útbúa verklagsreglur og vinnulýsingar fyrir kalda vatnið. Ákvörðun var tekin um að koma teikningum safn- og aðveituæða kaldavatnsins í tölvutækt form og hefur verið gerður samningur við Verkfræðistofu Suðurnesja um það verk. Jafnframt er stefnt að því í framhaldinu að teikna lagnakerfi við orkuverið þar sem fram komi stærðir lagna, efni, loka o.fl. Nefndarmenn fengu fróðlega fræðslu um P-cim kerfið (stjórnkerfið), hvernig það virkar og hvernig það er uppbyggt. Stefnt er að heimsókn til Vatnsveitu Hafnafjarðar sem farinn verður í upphafi nýs árs og er tilgangurinn með heimsókninni að fræðast og skoða hvernig staðið er að viðhaldsmálum hjá þeim. Verkefnið er mjög viðamikil eins og nafnið gefur til kynna en ákveðið hefur verið að taka þróunarhlutann fyrir næst.



### EÐLISEIGINLEIKAR HEITAVATNS- TANKA MEÐ GUFUTEPPI

Nýtt gæðaverkefni var sett í gang í maí og var það númer 31 í röðinni. Þetta verkefni kemur í framhaldi af endurskoðun á verklagsreglum um gufuteppi. Tilgangur verkefnisins er að öðlast skilning á samspili gufuteppis, geirsloka, vatnsláss og þykktar heits yfirborðslags í framrásartönkum og bakrásartanki, lækka rekstrar- og viðhaldskostnað gufukatanna, auka neyðarrými tankanna frá því sem nú er og sem nügildandi verklagsregla skapar og einfalda stýringar og rekstur á kötlum. Kostnaður (vandkvæði) vegna ónógra gæða er m.a. rekstrarkostnaður vegna rafmagnsnotkunar katla er óþarlega mikill, viðhaldskostnaður katla of hár, rýrðar neyðarbirgðir "löglegs" vatns á tönkum vegna hás hitastigs í efri hluta tankanna og núverandi þrýstistýring katla með vatnsborð Grindavíkurtanks beintengt vatnsborði Fitjatanka "óþarlega flókið" og dregur úr mögulegum þrýstistýringum aðveituæða.

### INNRI ÚTTEKTIR


Á fundi gæðaráðs þann 4. júlí var samþykkt að vera með innri úttektir á verklagsreglum í gæðahandbókinni. VLR um eftirfylgni verklagsreglna nr. 083 varð því úreld og ný verklagsregla um innri úttektir var útbúinn. Útbúinn var úttektaráætlun fyrir haust 2000 til vors 2001 þar sem gert var ráð fyrir að taka út 13 verklagsreglur í gæðahandbókinni en ákveðið var að vera ekki með úttektir yfir sumarmánuðina. Til áramóta voru gerðar innri úttektir á sex verklagsreglum og gengu þær úttektir allar ágætlega. Nokkrar athugasemdir og frávik komu fram en flestar af þessum verklagsreglum höfðu ekki verið teknar út áður. Þeir sem nota þær verklagsreglur sem fóru í úttekt eru sammála um að innri úttektir séu besta vopnið til að starfsmenn fari að vinna eftir því verklagi sem reglan segir til um. Úttektarmenn halda því áfram að vinna samkvæmt áætlun á nýju ári.

### INNRI ÖRYGGISSTJÓRNUNAR- KERFI RAFVEITU

Starf vegna innri öryggisstjórnunar hélt áfram á árinu. Eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu var undirritaður samningur í júní 1999 milli HS og Rafskoðunar ehf um úttekt á öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins. Verkefnið fólst í því að framkvæma úttekt á uppbyggingu öryggisstjórnunarkerfis HS og leggja mat á hvort kröfur í lögum, reglugerðum og leiðbeiningum Löggingingastofu eru uppfylltar. Verkefnið skiptist í tvo megináfanga, skjalaúttekt og virkniúttekt. Skjalaúttekt var framkvæmd í júlí 1999 og voru ábyrgðaraðilar kerfisins mjög sáttir við niðurstöður þeirrar úttektar. Virkniúttektin fór svo fram dagana 20. og 21. september 2000. Í þessum hluta úttektar er farið yfir hvort farið sé eftir skjalfestum lýsingu HS á öryggisstjórnun og leita staðfestingar á því hjá starfsmönnum og í skráningum sem gera á samkvæmt gæðakerfinu. Segja má að niðurstöður skjalaúttektarinnar voru mjög ánægjulegar, en einungis komu fram þrjár smávægilegar athugasemdir sem auðvelt var að laga. Þann 22. desember var Hitaveitu Suðurnesja formlega veitt viðurkenning á Innri öryggisstjórnun rafveitu af Löggingingastofu.

## ÖRYGGISNEFND

Eins og sagt var frá í síðustu ársskýrslu var ákveðið að skipta öryggisnefndinni í tvo hópa eftir staðsetningu, ein í Svartsengi en hin í Njarðvík. Einnig var fundað í sameiginlegri öryggisnefnd. Að venju var margt gert í öryggisnefndinni á árinu. Unnið var að því að senda alla starfsmenn til augnlæknis sem höfðu á því áhuga og hafa flestir starfsmenn nýtt sér þá þjónustu. Öryggishandbók HS hefur því miður ekki enn verið gefin út en verið er að komast að niðurstöðu með nokkur atriði í bókinni. Unnið hefur verið úr eftirlitsskýrslu vinnueftirlitsins, en sex atriði þurftu úrbætur og einnig voru afgreiddar fimm tillögur um úrbætur innanhús. Farið var í að setja blikkljós á alla vinnubíla svo þeir væru auðsjánlegri á verkstað.



Tíðrætt hefur verið í öryggisnefndinni að koma þurfi betri form á skráningu á slysum og næstum því slysum og er verið að vinna að þeim málum. Einnig hófst undirbúningur fyrir öryggisviku sem verður haldinn á vor- mánuðum 2001. Önnur mál sem fengu umfjöllun hjá öryggisnefndinni: Endurnýjun sjúkrakassa í bílum og í skrifstofubyggingu, merking svæða, endurskoðun á loftræstikerfi á verkstaðinu á Brekkustíg, keyptur öryggisbúnaður til björgunar úr turnum (kælum) og fleira.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Í mars samþykkti stjórn HS að velja nefnd þriggja manna sem vinna ætti að drögum að framtíðarsýn fyrirtækisins og stefnumótun. Ástæðan var aðallega sú, að

## REKSTUR RAFMAGNSDEILDAR SKIPTIST ÞANNIG Á ÁRINU (ÞÚS. KR.):

	2000		1999	
<b>Lágspennudeild:</b>				
Dreifistöðvar . . . . .	27.079		18.626	
Dreifikerfi - jarðstr./línur . . . . .	23.681		11.434	
Heimtaugar . . . . .	14.929		10.487	
Rekstur gatnalýsingar . . . . .	23.929	89.618	15.974	56.521
<b>Háspennudeild:</b>				
Kerfisgreining . . . . .	7.528		2.397	
Rekstur riðbreytistöðvar . . . . .	8.472		3.886	
Aðveita - loftlínur . . . . .	1.441		11.349	
Aðveita - jarðstrengir . . . . .	611		1.258	
Dreifikerfi - jarðstr./línur . . . . .	5.659		8.294	
Rekstur aðveitustöðva . . . . .	25.370	49.081	17.548	44.732
<b>Rafmagnseftirlit:</b>				
Rafmagnseftirlit Suðurnesja . . . . .	1.766		2.430	
Rafmagnseftirlit ríkisins . . . . .	4.211		3.850	
(- reikn hluti orkuvers) . . . . .	-3.263	2.714	-2.784	3.496
<b>Ýmislegt</b>				
Sameiginlegt . . . . .	9.197		7.995	
Rekstrarstjórnun . . . . .	1.818		5.382	
Innri öryggisstjórnun . . . . .	1.810		2.576	
Mæladeild rafmagns . . . . .	6.077		5.871	
Fjarskipti- og fjarstýring (50%) . . . . .	2.531	21.433	1.659	23.483
<b>Samtals</b>		<b>162.846</b>		<b>128.232</b>

margvíslegar breytingar kunna að verða á næstu árum og eru önnur orkufyrirtæki farinn að undirbúa sig undir þær. Hitaveita Suðurnesja mun mæta nýjum kröfum og hættum og hagnýta sér ný sóknarfæri. Við þessar nýju aðstæður er full ástæða til að fylgjast sem best með fyrirætlunum og undirbúningi stjórnvalda og annarra sem haft geta mikil áhrif á starfsemi fyrirtækisins og að skilgreina starfsumhverfi að nýju vegna þeirra breytinga sem vænta má og leggja mat á nýjar hættur og ný sóknarfæri, áhrif þeirra og afleiðingar á möguleika og þarfir fyrirtækisins.



Sú nefnd sem var skipuð af stjórn stofnaði 10 starfsmannahópa sem fást við mismunandi málefni innan fyrirtækisins. Verkefni hópanna eru eftirfarandi: upplýsingamál, skipulagsmál, rekstrarmál, starfsmannamál, umhverfismál, öryggismál, fjárhagsmál, flutningamál, markaðsmál og tæknimál. Ásamt því að skipa í ofangreinda hópa var einnig fundað með sérfróðum aðilum utan fyrirtækisins sem fjölluðu um ýmis efni sem snertu störf hópanna. Með fundaröðinni fékkst góð innsýn í hugmyndir og sjónarmið sérfróðra einstaklinga og skiluðu þeir umtalsverðu efni sem hóparnir gátu unnið úr við mótun tillagna. Hóparnir skiluðu flestir niðurstöðum í lok árs og hefur nefndin þegar hafist handa við að vinna úr þeim.

## HEMLAR OG MÆLAR

### HEMLAR

### MÆLAR

Staður	Fjöldi 31.12.99	Breyting 2000	Fjöldi 31.12.00	Fjöldi 31.12.99	Breyting 2000	Fjöldi 31.12.00
Keflavík . . . . .	2.228	34	2.262	44	3	47
Grindavík . . . . .	725	13	738	50	2	52
Njarðvík . . . . .	737	23	760	29	1	30
Sandgerði . . . . .	440	1	441	24	0	24
Garður . . . . .	375	4	379	24	0	24
Vogar . . . . .	212	12	224	8	2	10
Hafnir . . . . .	45	-1	44	1	0	1
	<b>4.762</b>	<b>86</b>	<b>4.848</b>	<b>180</b>	<b>8</b>	<b>188</b>
Kefl.flugv. (USA) . . . . .	276	-1	275	2	0	2
Kefl.flugv. (Ísl.) . . . . .	20	2	22	2	0	2
Radarstöð H1 . . . . .	1	0	1	0	0	0
Fjarskiptastöð Gr.vík . . . . .	4	0	4	0	0	0
Keflavíkurflugvöllur . . . . .	301	1	302	4	0	4
